



HAMNABORG EHF.

BESTU MYNDIRNAR



MATRIX RELOADED



HAFNARSTRÆTI 7

SÍMI 456 3166

ÓNÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 15. október 2003 • 41. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Eins og sjá má varð húsið alelda á stuttum tíma.

Gamalt trésmíðaverkstæði í Bolungarvík brann til kaldra kola

Talið vonlítið bjarga húsinu

Gamalt iðnaðarhús í húsalengju við Hafnargötu í Bolungarvík brann til kaldra kola á föstudagskvöld. Þar var trésmíðaverkstæði Jóns Friðgeirs Einarssonar til húsa um árabíl en undanfarin ár var unnið þar að plastviðgerðum, bæði á bátum og körum. Hluti af húsinu hafði verið notaður fyrir geymslur, meðal annars fyrir

fiskvinnsluvélar. Húsið sjálft var afar lélegt en talsvert tjón varð á tækjum og búnaði inni í því. Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá rafmagni en húsið var læst og mannlaust þegar slökkvilið kom á vettvang.

Vonlítið mun hafa verið talið frá upphafi slökkvistarfsins að hægt yrði að bjarga húsinu

vegna þess að miklu meira vatn þurfti en hægt var að fá. Ólafur Benediktsson, slökkviliðsstjóri í Bolungarvík, segir húsið hafa verið í niðurníðslu undanfarin ár og því hafi verið varasamt að athafna sig á þakinu og inni í húsinu. Gaskútar munu hafa verið geymdir í húsinu. Enginn meiddist við slökkvistörfin. Slökkviliðið í

Bolungarvík var kallað út um kl. 17.15 vegna reykjar sem barst frá húsalengjunni. Þá kraumaði eldur í millilofti á löngu svæði. Illa gekk að ráða við eldinn þar sem húsið var úr timbri og einangrað með sagi og spónum, klætt með spónaplötum og timbri og forskalað að hluta. Þar sem húsið var áfast öðrum húsum var

gripið til þess ráðs að ryðja hlutum þess niður með vinnuvélum til að hefta útbreiðslu eldsins. Slökkvilið frá Ísafirði var kallað til aðstoðar rúmum klukkutíma eftir að eldsins varð vart. Slökkviliðsstjórinn á Ísafirði vísar því á bug að of seint hafi verið kallað eftir aðstoð þaðan. Sjá nánar á bls. 4 og 5. — hlynur@bb.is

/SAMKAUP/
-gætt og fjárfest

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21Laugardaga
kl. 10 - 21Sunnudaga
kl. 12 - 21Verið
velkomin!/SAMKAUP/
-gætt og fjárfest

NEISTA

HAFNARSTRÆTI 9-13

SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
- allir vörubærir hlutirEIMSKIP
GREIÐ LEYF

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólögötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**

Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.

Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.

Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukort.

Hættumatsdeild Veður- stofu Íslands flutt vestur?

Undirbúningur að stofnun
Rannsóknarmiðstöðvar snjó-
flóðavarna á Ísafirði er nú á
lokastigi og er stefnt að því að
starfsmaður taki til starfa við
miðstöðina næsta vor.

Veðurstofa Íslands hefur
fengið fjögurra milljónir króna

í framlag úr ríkissjóði vegna
undirbúningsins og er farið
fram á að stofnunin fái jafnháa
upphæð til að geta starfrækt
miðstöðina á næsta ári. Trausti
Jónsson, hjá Veðurstofunni,
segir framgang málsins undir
fjárveitingavaldinu kominn.

„Þessarar fjárveitingar er ekki
getið í fjárlagafrumvarpinu.
Því þurfum við að sjá til hvaða
breytingum það tekur í með-
förum þingsins“, segir Trausti.
Svæðisútvarpið greindi frá
því að í kjölfar stofnunar
Rannsóknarmiðstöðvarinnar á

Ísafirði væri ætlunin að flytja
hættumatsdeild Veðurstofu í
áföngum vestur.

„Það gæti orðið og veltur á
því hvernig til tekst með Rann-
sóknarmiðstöðina. Ætlunin er
að gera hættumat fyrir skíða-
svæði landsins og er hug-

myndin að það verkefni verði
unnið á Ísafirði ef þessi stöð
verður sett á laggirnar. Sú
vinna tekur töluverðan tíma
en ef vel gengur er hugsanlegt
að stærri hluti af hættumatinu
fari vestur“, sagði Trausti.

– kristinn@bb.is

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 32 á þriðja ársfjórðungi

Fækkunin nemur yfir hundr- að manns það sem af er ári

Í nýbirtum tölum Hagstof-
unnar um húsnæðisflutninga á
Íslandi á þriðja ársfjórðungi

kemur fram að brottfluttur um-
fram aðflutta á Vestfjörðum
eru 32 á þessum þremur mán-
uðum. Í einstökum sveitarfélögum
fækkaði mest í Ísafjarð-
arbæ eða um 32. Á nokkrum
stöðum fjölgaði íbúunum og

því jafnar fækkun og fjölgun
sig út í öðrum sveitarfélögum
á Vestfjörðum.

Mesta fjölgunin varð í Bæj-
arhreppi þar sem aðfluttur um-
fram brottflutta eru 9. Í Súða-
víkurhreppi fjölgaði um 6 og í
Árneshreppi um 5. Íbúum
Kaldrananeshrepps fækkaði
um 9, í Vesturbyggð um 5 og á



Tálknafirði um 2. Í Bolungar-
vík, Reykhólahreppi, Hólma-
víkurhreppi og Broddanes-
hreppi var einn brottfluttur
umfram aðflutta á hverjum

stað.

Á fyrstu níu mánuðum árs-
ins eru brottfluttur umfram að-
flutta á Vestfjörðum 104. Mest
hefur fækkað á árinu í Ísa-
fjarðarbæ eða um 54. Í Vestur-
byggð hefur fækkað um 19, í
Bolungarvík um 16 og í Kaldr-
ananeshreppi um 10. Þá fækka-
aði íbúum Tálknafjarðar-

hrepps um 9 á sama tímabili, í
Broddaneshreppi um 6 og í
Reykhólahreppi um 2.

Mest fjölgaði í Bæjarhreppi
fyrstu níu mánuði ársins eða
um 6 en í Súðavíkurhreppi
fjölgaði íbúunum um 3. Í
Hólmavíkurhreppi varð fjölg-
un um 2 og í Árneshreppi um
1.

– kristinn@bb.is

Endurskipulagning stendur yfir á varaaflostöðvum OV á Suðureyri og Flateyri

Hægt að minnka varaafli á Suður- eyri með bættum raforkuflutningi

Undanfarið hefur staðið yfir
endurskipulagning á varaafli-
stöðvum Orkubús Vestfjarða
á Flateyri og Suðureyri. Búið
er að setja upp nýja díslíslél á
Suðureyri sem er nokkru afl-
minni en sú sem fyrir var.
Kristján Haraldsson orkubús-

stjóri segir hægt að vera með
minni varaaflostöð nú þar sem
raforkuflutningur til Súganda-
fjarðar sé orðinn betri en verið
hafi.

„Súgfirðingar voru með
mjög veika tengingu við kerfið
en þeir höfðu bara eina að-

flutningslínu til sín frá Flat-
eyri. Með tilkomu jarðgang-
anna batnaði tengingin og nú
er Dalsorka í botni Súganda-
fjarðar farin að sjá kerfinu fyrir
orku líka. Þess vegna hefur
okkur þótt óhætt að minnka
við varaaflið“, segir Kristján.

Orkubú Vestfjarða hefur
uppi áform um að virkja í
Tungudal í Skutulsfirði. Krist-
ján segir að það muni enn bæta
á raforkuöryggið í Súganda-
firði. Ekki sé ætlunin að klekka-
ja á Súgfirðingum með endur-
skipulagningu varaafllins

heldur séu hagkvæmnisjónar-
mið höfð að leiðarljósi. „Við
reynum að gæta hagræðis í
rekstrinum og huga að kostnaði
svo að það geti áfram verið
ódyrt rafmagn hjá okkur“,
sagði Kristján.

– kristinn@bb.is

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Oft er stutt frá brosi

Brosin sem sumstaðar urðu til þegar veiðiheimildir heilla byggðarlaga fluttust
landshorna á milli við eigendaskipti á dávænni fúlgu fjármuna, hafa stirnað við
bresti í innviðum „Óskabarns þjóðarinnar“ og óvissunnar um framtíð þess hvað
varðar sjávarútveg í hinum dreifðu byggðum.

Sú var uppi tíð að Akureyringar voru stoltir af Útgerðarfélagi Akureyrar og máttu
vera það. Hið sama gildi um útgerðarfyrtækið Harald Böðvarsson á Akranesi.
Bæði stóðu þessi félög traustum fóstum, voru burðarásar í atvinnulífi staðanna.
Bæði voru félögin byggð upp á þeim árum þegar stjórnmendur þeirra og starfsfólk allt
vann í sveita síns andlitis, skin og skúrur skiptust á í rekstri eftir því hvernig áraði,
en menn misstu aldrei sjónar á markmiðinu: Tryggja fólk atvinnu og stuðla að efl-
ingu byggðarlagsins.

Þannig gekk þetta reyndar fyrir sig út um allt land þar til einn góðan veðurdag að
boð voru látni út ganga frá réttkjörnum fulltrúum fólksins í landinu, ríkisstjórn og
hinu háa Alþingi, að nú væri þeim, sem úhlutað hafði verið ókeypis hlutdeild í
„sameign þjóðarinnar“ heimilt að selja leyfisbréfin hæstbjóðanda, kvaðalaust.
Hófst nú mikill darraðardans í kringum gullkálfinn. Gullöld viðskipta með óveiddan

fisk við Íslandsstrendur var hafin. Útvaldir kættust yfir margra stafa innstæðum á
bankareikningum, bunkum hlutabréfa og hlutdeild glæsihöllum höfuðborgarinnar,
sem þessi einstæði rausnarskapur stjórnvalda hafði fært þeim á silfurfati. Aðrir
húktu hnýpnir hjá garði.

Nú hrikur í röftum. Sjávarútvegsdeild „Óskabarnsins“, sem ræður miklu um út-
gerð og atvinnulíf á Akureyri, uppistóðu þess á Akranesi og Skagaströnd, kann að
vera fól hæstbjóðanda í heilu lagi eða brotabrotum eftir því sem betur gefur. Margur
hrekur nú við. Þeir sem áður tóku brosand og buktandi á móti hinna nýju stétt
útgerðarmanna, fyllast nú heilagri reiði yfir hugsanlegu hlutverki, sem margir hafa
orðið að takast á við.

Vitaskuld skilja menn áhyggjur ráðamanna þeirra staða, sem þannig háttar til hjá
um þessar mundir. Meira að segja deilir bæjarstjórnin í Sandgerði áhyggjum með
kollega sínum á Akranesi. Miðað við forsöguna er þar karlmannlega að staðið. En
hvað sem hluttekkt milli einstakra byggðarlaga líður er ljóst að gegn meinsemdinni,
kvótabraskinu, verður að ráðast. Vonandi opnast augu þingmanna fyrir veruleikanum
áður en það er um seinan fyrir flesta útgerðarstaði á Íslandi.

s.h.

Bilunin olli margvíslegum fjar-skiptatruflunum á Vestfjörðum

Á áttunda tímanum á fimm-tudagskvöld í síðustu viku kom upp bilun í ljósleiðara-streng Símans milli Bíldudals og Þingeyrar, nánar tiltekið á Tjaldanesi í norðanverðum Arnarfirði. Vegna þessa var NMT og GSM samband lélegt á svæðinu og lá gagnaflutningssamband niðri á vissum stöðum. Auk þess lágu útsendingar Stöðvar 2 og Sýnar niðri á Ísafirði, í Bolungarvík og á

Flateyri sem og útsendingar Ríkissjónvarpsins í Bolungarvík. Samband hélst á símsstöðvum fastlínukerfisins en var takmarkað. „Við vorum með samband en ekki nægjanlega stórt og því fann fólk fyrir truflunum í því kerfi líka“, segir Jón Hilmarsson, svæðisstjóri Símans á Vestfjörðum.

Hann segir mús hafa komist í ljósleiðarann og unnið þar skaða. Ljósleiðarinn er graf-

inn í jörðu en samsetningar á honum eru í brunnnum. „Þarna hefur einhver mýsla fundið veikan punkt og komist inn. Þetta getur komið fyrir og kemur fyrir en sem betur fer er þetta afar sjaldgæft“, segir Jón.

Bráðabirgðaviðgerð var lokið um fimmleytið á föstudagsmorgun en fullnaðarviðgerð á ljósleiðaranum lauk upp úr átta. Um tíu tíma tók því að

gera við bilunina. „Fyrst þurfum við að átta okkur á því hvar bilunin er og koma okkur á staðinn en síðan tekur við viðgerðin sjálf. Við erum með varaleið fyrir sambandið á þessu svæði og þurftum að tengja hana en til þess þarf að fara yfir Arnarfjörðinn til Bíldudals. Að auki þurftum við að komast frá Ísafirði yfir Hrafnseyrarheiðina í ekkert af góðri færð“, segir Jón. Við-

gerðarmenn voru að auki sendir frá Reykjavík. „Þeir komu til að aðstoða okkur og til að framkvæma endanlega viðgerð. Við höfum bara búið að til bráðabirgðaviðgerða.“

Jón segir það hafa verið lán í ólani að bilunin kom upp að kvöldi til en ekki á álagstíma. Aðspurður segir að hann að verið sé að fara í saumana á því hvernig bilunin hafi getað orðið og hvernig sé hægt að

koma í veg fyrir slíkar bilanir í framtíðinni. „Sem betur fer er það afskaplega sjaldgæft að sambandið detti út ljósleiðaranum en það var farið að huga að forvörnum strax í nótt og nú er ljósleiðara- og sambandsdeildin að skoða hvernig er hægt að gera þetta betur úr garði“, sagði Jón Hilmarsson, svæðisstjóri Símans á Vestfjörðum í samtali við blaðið.

– kristinn@bb.is

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafnar að greiða kostnað vegna tónlistarnema í Reykjavík

Formaður fræðslunefndar greiddi atkvæði gegn eigin tillögu

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti í síðustu viku að hafna tillögu fræðslunefndar um að greiða kostnað vegna tónlistarnema í Reykjavík. Bæjarfulltrúar Samfylkingar

harma þau skilaboð sem sendu eru með þessari samþykkt. Formaður fræðslunefndar greiddi atkvæði gegn eigin tillögu. Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar kom loks til afgreiðslu tillaga fræðslunefndar frá 12 ágúst þess efnis að bærinn greiði kostnað þeirra tónlistarnema er stunda nám í tónlistarskólum í Reykjavík. Kom sú tillaga fram í kjölfar ákvörðunar Reykjavíkurborgar að greiða aðeins kostnað nemenda sem ættu lögheimili í Reykjavík. Frá því að fræðslunefnd samþykkti tillögu sína þann 12. ágúst hefur málið farið á milli í bæjarkerfinu án afgreiðslu, þar til í síðustu viku.

Birna Lárusdóttir forseti bæjarstjórnar (D) lagði fram svohljóðandi tillögu: „Með vísan til samþykktar meirihluta bæjarráðs samþykkir bæjarstjórn að greiða ekki kostnað vegna náms nemenda í tónlistarnámi á framhaldsstigi í Reykjavík. Eins og stendur hefur engin umsókn borist frá nemanda frá Ísafjarðarbæ í slíku námi í Reykjavík. Þessi ákvörðun verður endurskoðuð um n.k. áramót en þá á að

liggja fyrir niðurstaða í viðræðum ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku ríkisins á tónlistarnámi á framhaldsskólastigi. Það er eindregin afstaða bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að þetta verkefni eigi alfarið að vera á hendi ríkisins.“

Tillaga þessi var samþykkt með sjö atkvæðum gegn tveimur atkvæðum bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar þeirra Bryndísar G. Friðgeirsdóttur og Kolbrúnar Sverrisdóttur sem gerðu grein fyrir mótatkvæðum sínum með svohljóðandi bókun: „Við höfum þau skilaboð sem meirihluti bæjarstjórnar sendir þeim nemendum sem nú stunda tónlistarnám í bæjarfélaginu. Með því að samþykkja ekki tillögu fræðslunefndar um að greiða kostnað vegna tónlistarnáms nemenda á framhaldsstigi er sú deila sem skapast hefur milli ríkis og sveitarfélaga á málaflokknum látin bitna á nemendum sem hyggjast stunda tónlistarnám á framhaldsstigi í Reykjavík. Þessi málaflokkur á alfarið að vera á höndum ríkisins á sama hátt og aðrir framhaldsskólar í landinu. Á meðan ríkið viður-



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

kennir ekki rekstur þessa málaflokks, á Ísafjarðarbæ að styðja nemendur sem lögheimili eiga í Ísafjarðarbæ og eiga sumir hverjir margra ára nám að baki.“

Meðal þeirra bæjarfulltrúa sem greiddi atkvæði gegn tillögu fræðslunefndar var Svanlaug Guðnadóttir (B) formaður fræðslunefndar. Hún sat sem formaður þann fund sem áður nefnd tillaga fræðslunefndar var samþykkt. Svanlaug gerði svohljóðandi grein

fyrir mótatkvæði sínu á bæjarstjórnarfundinum. „Þar sem fyrir liggur af hálfu bæjarstjórnar að endurskoða þessa ákörðun n.k. áramót og þar sem engir nemendur hafa sótt

eftir þessu námi nú, tel ég að ekki hljóti nokkur skaði af synjun þessari. Enda erum við flest sammála því að þessi málaflokkur eigi að vera á hendi ríkisins.“ – hj@bb.is

Hestfjörður

Ekkert slitlag í haust

Sem kunnugt er standa yfir vegaframkvæmdir í Hestfirði. Það eru starfsmenn Klæðningar hf. sem þar hafa verið að störfum síðustu vikur.

Eins og áður hefur komið fram var ætlun þeirra að leggja bundið slitlag á hluta vegarins í haust eða um 6 km af um 31 km heildarverki. Að sögn Þórunnar Hermannsdóttur hjá Klæðningu er nú ljóst að af því verður ekki fyrr en næsta sumar. Að öðru leyti hefur verkið gengið samkvæmt áætlun.

Ætlunin er að halda framkvæmdum áfram í vetur. – hj@bb.is

Heilsugæslustöðin á Ísafirði

Sálfræðingur tekur til starfa

Heilsugæslustöðin á Ísafirði hefur samið við Marteín Jónsson sálfræðing í Kópavogi um að veita sálfræðipjónustu á Ísafirði tvisvar í mánuði. Nokkur ár eru síðan boðið hefur verið upp á viðtöl við sál-

fræðing á heilsugæslustöðinni en þá var fastráðinn sálfræðingur við stofnunina.

Sigrún C. Halldórsdóttir, fjármálastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, segir að boðið verði upp á

þessa þjónustu til reynslu, í sex mánuði til að byrja með, og ráðist framhaldið af eftirspurninni. „Við viljum meina að þörfin sé fyrir hendi hér eins og alls staðar annars staðar“, sagði Sigrún.

Marteinn hefur starfað að verkefnum á sviði fyrirtækja- og vinnusálfræði en auk þess boðið upp á sálfræðipjónustu fyrir einstaklinga, fjölskyldur og börn. Tímapantanir eru í síma 450-4500. – kristinn@bb.is

Fjarnám í hjúkrunarfræði

Hópur sem ætlar að hefja fjarnám í hjúkrunarfræði við HA haustið 2004 ætlar að hittast í Fræðslumiðstöðinni að Eyrargötu 2-4 á Ísafirði, mánudaginn 20. október kl. 20:00.

Hjúkrunarfræðingar með reynslu af fjarnámi mæta á fundinn. Rætt verður um námið og hvernig best sé að undirbúa það.

Allir sem áhuga hafa á að hefja fjarnám í hjúkrun 2004 eru hvattir til að mæta.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Vatnsveitan gaf ekki nóg og vatnið úr tankbílunum eins og dropi í hafið

Eins og fram kemur á forsiðu eyðilagðist gamalt trésmíðaverkstæði við Hafnar götu í Bolungarvík í eldsvoða á föstudagskvöld. Húsið sem brann var hluti af gamalli húsalengju. Ólafur Benediktsson, slökkviliðsstjóri í Bolungarvík, segir að þegar slökkviliðsmenn komu á staðinn hafi kraumað eldur í millilofti eftir endilöngu hús-

inu. Hann segir enga bruna-veggi hafa verið fyrir en komið var að vélsmiðju við sunnanvert húsið og verslun að norðanverðu. Ákveðið var að rífa niður vegg hússins með vinnuvélum til að koma í veg fyrir að eldurinn breiddist í sambyggt hús en vonlítið mun hafa verið frá upphafi að bjarga húsinu sjálfu.

„Þetta var það sem við köll-

um eldgildru. Þarna var gríðarlegur eldsmatur. Húsið var klætt með spónaplötum og timbri, eldvarnir þar voru óviðunandi og húsið í niðurníðslu“, sagði Ólafur Benediktsson slökkviliðsstjóri.

„Við fáum tilkynningu frá Neyðarlínunni kl. 17.15 og erum komnir á staðinn tæpum 5 mínútum síðar. Við sáum að það kraumaði eldur í milliloft-



Slökkviliðsmenn að störfum eftir að húsið hrundi.

inu og rufum strax gat til að komast þar að. Þá sáum við að það kraumaði á 20-25 metra löngu svæði. Við opnum strax fyrir reyklosun jafnframt því sem farið var að taka niður klæðninguna. Þegar við erum að fara að rjúfa veggina vantar okkur meira vatn. Veitan var því miður ekki að gefa okkur nóg, að minnsta kosti ekki í allan þennan eldsmat. Við erum með 10 tonna tankbíl en við sugum vatnsveituna og fengum þar um 4 þúsund lítra á mínútu. Okkur varð ljóst að með því vatnsmagni myndum við ekki ná að slökkva þennan eld með öllum þeim eldsmat

sem var í húsinu. Það var fljótlega ljóst að við myndum missa stóran hluta af þessu húsi og því var eitt af því fyrsta sem ég gerði að hafa tæki tilbúið hjá okkur til að klippa húsið í sundur.“

Þegar veggir hússins voru rifnir niður hrundi þak þess og Ólafur segir eldinn þá hafa blossað upp. „Þetta var allt úr timbri og einangrað með sagi. Í seinni tíð var þetta aðallega notað sem geymsla og því mikill eldsmatur inni í húsinu, meðal annars fiskikör og niðurskornir plastkassar. Úr þessu verður gríðarlegur eldur. Þetta var ein stærsta brunahættan

sem við höfðum hér í bænum hvað eldsmagnið snertir.“

Óskað var eftir aðstoð frá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar rúmlega klukkutíma eftir að eldsins varð vart. Ýmsir hafa gagnrýnt að ekki skuli hafa verið kallað eftir þeirri aðstoð fyrr enda ekki nema um 10-12 mínútna akstur með forgangshraða frá Slökkvistöðinni á Ísafirði og á brunastað í Bolungarvík. Slökkviliðsstjórinn á Ísafirði vísar þeirri gagnrýni á bug.

„Það eru alltaf að minnsta kosti hundrað sérfræðingar til staðar sem sjá þetta allt betur eftir á“, segir Þorbjörn Sveins-



Slökkviliðsmaður gengur fram hjá eldhafinu.

Njóttu dagsins

Taktu flugið

Það er sambærilegt við
Bergþór og Kringlótt
Símanúmer 570 30 75
hópa@flugfélag.is

Króna fyrir börnin í október!

Allar upplýsingar á

flugfelag.is

Helgarslaufur fyrir hópa, klúbba og félög af öllum stærðum.

Við bjóðum litríkar og eftirminnilegar helgarslaufur fyrir hópa til allra áfengastaða okkar, Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar, Reykjavíkur og Færeyja. Við höfum úrval frábærra gististaða í boði og gerum tilboð í flug, gistingu og hátíðarkvöldverð.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Listdanskennsla hjá Listaskóla Rögnvaldar

Listdanskennsla er hafin að nýju hjá Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar (LRÓ) í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Að þessu sinni hefur verið samið við Listdanskóla Íslands í Reykjavík að sjá um kennsluna. Þrír hópar ungra stúlkna verða í balletkennslu auk unglingsstúlkna og kvenna sem nema jassballett en kennarar frá Listdanskólanum koma vestur til að leiðbeina. Margrét Gunnarsdóttir hjá LRÓ segir að kennt verði næstu tvær vikurnar til að byrja með en verið sé að þróa hvernig kennslunni verði best háttað.

Ríkið leigir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga

Fjármálaráðherra hefur í frumvarpi til fjárukalaga óskað heimildar Alþingis til þess að kaupa eða leigja íbúarhúsnæði fyrir fatlaða á Ísafirði. Húsnæði þetta á að koma í stað Bræðratungu sem auglýst var til sölu í vor. Að sögn Helgu Bjarkar Jóhannsdóttur hjá Svæðisskrifstofu fatlaðra var auglýst eftir hentugu húsnæði í sumar og gaf einn aðili sig fram með hentugt húsnæði. Ekki hefur hinsvegar verið hægt að ganga frá kaupum þar sem salan á Bræðratungu hefur tafist eins og sagt hefur verið frá. – hj@bb.is

„Svikist aftan að fólki“ segir Verkalýðsfélagið

„Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga lýsir furðu sinni á fjárlagasmíð ríkisstjórnarinnar, þar sem draga á til baka framlag ríkissjóðs í viðbótarlífeyrissparnaði launafólks. Þarna er fyrirvaralaust svikist aftan að fólki og að engu gert þetta örlitla framlag ríkissjóðs í átt til jöfnunar lífeyrisréttinda á við t.d. þingmenn og ráðherra. Fjármálaráðherra sem lofað hefur slag í slag að jafna lífeyrisrétt landsmanna hlýtur að draga þessa tillögu til baka ef honum er annt um heiður sinn á annað borð,“ segir í frétt frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga.



Hreinsunarstarf á svæðinu hófst strax á föstudagskvöld. Svona var umhorfs á svæðinu á sunnudag.

son, slökkviliðsstjóri á Ísafirði. „Þetta er mat slökkviliðsins á þessum tíma að fá aðstoðina. Hann sér að hann vantar meiri mannskap og kallar eftir honum. Þetta er nákvæmlega það sama og ég hefði gert í hans stöðu“, sagði Þorbjörn.

Aðspurður segist Ólafur Benediktsson ekki telja að þörf hafi verið á aðstoð frá slökkviliðinu á Ísafirði fyrir. „Nei, ég held ekki. Við sjáum fljótlega að við þurfum að klippa húsið í sundur. Í raun og veru hefðum við þurft mun meira vatn en tiltækt var til að ráða niðurlögum eldsins án þess að rjúfa húsið. Þetta er útreiknað hjá okkur í slökkviliðinu og magnið sem þarf á allan þennan eldsmat er gríðarlegt.“

Ólafur segir að miðað við útreikninga sem lágu fyrir hefði þurft milli 20 og 25 þús-

und lítra af vatni á mínútu. Þess vegna hafi vatnið sem kom með tankbílnum frá Ísafirði verið eins og dropi í hafið. Málið hafi einfaldlega verið að fá óþreytta slökkviliðsmenn til aðstoðar.

„Ísfirðingarnir eru með 10 tonna tankbíl eins og við. Þegar hann kemur erum við að sjúga til okkar þessi fjögur tonn á mínútu sem við fengum úr vatnsveitunni. Við vorum búnir að biðja þá að vera í viðbragðsstöðu og síðan báðum við þá að koma. Það var gott að fá þá þegar okkar menn voru orðnir þreyttir.“

Þorbjörn Sveinsson slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar segir það matsatriði á hverjum tíma hvort kalla eigi eftir auknu liði við slökkvistörf. Um brunann í Bolungarvík segir hann það matsatriði slökkviliðsins þar hvort og hvenær það kalli eftir aðstoð

frá Ísafirði.

„Þeir ákveða þetta sjálfir og við erum tilbúnir til að aðstoða þegar kallið kemur. Slökkviliðsstjórinn í Bolungarvík taldi sig hafa tök á þessu framan af en óskar síðan eftir aðstoð. Við sendum tíu menn og tvo bíla og tókum þátt í þessu slökkvistarfi sem eftir var. Þetta var allt gert í mesta bróðerni“, segir Þorbjörn. Aðspurður hvort réttara hefði verið að kalla eftir aukaliði fyrir segir Þorbjörn að í þessu tilviki eins og mörgum öðrum séu í alltaf einhverjir sem telji sig vita betur en þeir sem beri ábyrgð á ákvarðanatökunni.

Ólafur Benediktsson slökkviliðsstjóri bað blaðið fyrir þakkir til Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fyrir aðstoðina. Einnig til allra þeirra fjölmörgu annarra sem lögðu slökkvistarfinu lið.

– hlynur@bb.is



Slökkviliðsmenn brjota sér leið inn í húsið.

Helmingurinn af grjóttinu komið í leiðigarðinn

Starfsmenn Verktakafyrirtæksins Kubbs ehf. á Ísafirði fögnuðu þeim tímamótum í síðustu viku að helmingur grjótsins sem nota skal í snjóflóðaleiðigarðinn undir Seljalandsmúla er nú kominn á sinn stað. „Við erum búnir að sprengja eitt hundrað þúsund rúmmetra af tvö hundruð þúsund í heildina. Þannig er helmingurinn af grjóttinu kominn“, segir Sævar Hjörvarsson hjá Kubbi. Hann segir verkið vel á undan áætlun. „Skilyrði útboðsins kveða á um að við værum búnir með 40% af garðinum um áramót en við erum nú þegar búnir með 50% af



rúmmáli hans.“ Aðspurður segir Sævar áframhaldandi gang verksins fara að miklu leyti eftir því hvernig veðrið verði. „Einu sinni snjóaði alltaf mikið á Ísafirði og aldrei að vita hvenær sú tíð brestur á aftur. Ef veturinn verður jafn snjóléttur og síðustu ár, þá gætum við verið að klára þetta í vor“, sagði Sævar. – kristinn@bb.is

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Samþykktir að hefja á ný eyðingu villikatta

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum í síðustu viku að hefja eyðingu villikatta á ný í sveitarfélaginu þrátt fyrir að samþykkt um kattahald verði ekki afgreidd fyrir en á næsta bæjarstjórnarfund. Tillögu að samþykkt um kattahald vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn. Á fundinum var tillaga bæjarráðs að samþykkt um kattahald til fyrri umræðu. Eins og fram hefur komið verður kattahald í bæjarfélaginu bannað nema með sérstakri undanþágu frá bæjarstjórn. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til

síðari umræðu bæjarstjórnar á næsta fundi en samþykktir sem þessar þurfa að fara í gegnum tvær umræður í bæjarstjórn. Á þar síðasta fundi bæjarstjórnar var samþykkt að stöðva eyðingu villikatta í bænum þar sem í undirbúningi væru reglur um kattahald. Þrátt fyrir að umræddar reglur hafi ekki hlotið formlegt samþykki bæjarstjórnar var tillaga bæjarráðs um að hefja að nýju eyðingu villikatta tekin til afgreiðslu á fundinum í gær. Var tillagan samþykkt með sjö atkvæðum gegn einu atkvæði Magnúsar Reynis Guðmundssonar (F) sem lagði fram svo-

hljóðandi bókun:

„Tel óviðeigandi að halda áfram kattadrápi fyrir en sett hefur verið reglugerð um kattahald í Ísafjarðarbæ. Vísa jafnframt til samþykktar bæjarstjórnar um málið á 147.fundi.“ Vísar Magnús þar til samþykktarinnar sem áður er nefnd um stöðvun á eyðingu villikatta þar sem drög að samþykktum um kattahald væru í undirbúningi.

Næsti bæjarstjórnarfundur sem væntanlega afgreiðir tillögurnar um kattahald verður haldinn á fimmtudag í næstu viku.

– hj@bb.is



Menntaskólinn á Ísafirði.

Hauslaust kattarhræ veldur óhug í Menntaskólanum

Hrekkjalómar að verki

Lögreglunni á Ísafirði var á fimmtudag í síðustu viku tilkynnt um hauslaust kattarhræ í Menntaskólanum á Ísafirði. Lögreglumenn fjarlægðu dýrið sem einum nemanda skólans hafði borið innpakkað í kassa í tilefni af hrekkjalegi. Nemendafélag MÍ hafði staðið fyrir svokölluðum NMÍ-leik í vikunni þar sem þör leynivina skiptust á gjöfum og orðsendingum.

Hafðís Sunna Hermannsdóttir, formaður Nemendafélags MÍ, segist ekki hafa trú á að gjöfin hafi verið

gefin af illum ásetningi en klárlega hafi verið gengið of langt í hrekknum. „Þeir sem sáu köttinn urðu náttúrlega skelfingu lostnir og báðu lögreglu um að fjarlægja hann. Ég sá hann ekki sjálf en er sagt að hann hafi verið mjög óhugnanlegur. Hauslaus og illa farinn. Ég veit ekki hvaðan kötturinn er kominn en skilst að maður hafi þekkt mann sem fann hræið.“

Leikurinn hófst á mánudag í síðustu viku og var sérstakt þema fyrir hvern dag s.s. klysjudagur, ástardagur, sælkeradagur, hrekkjadagur og

loks listrænn dagur. Leikurinn náði hámarki í lokahöfi á föstudagskvöld þar sem hulunni var svipt af leynivinu.

Þátttakendur í leiknum voru 86 og mynduðu því 43 leynivinaþör. „Fólk er búið að fá hjartalaga kökur, nammi og ýmiskonar flottheit. Þannig hefur kærleikurinn verið í fyrirrúmi. Ýmsir miskvikindislegir hrekkir voru framdir á fimmtudag en enginn í líkingu við dauða köttinn“, sagði Hafðís Sunna.

– kristinn@bb.is

Máli Vestmarks gegn Snerpu vísað frá dómi

Máli Vestmarks ehf., gegn Snerpu ehf., á Ísafirði var vísað frá dómi 1. október sl. skv. úrskurði Erlings Sigtryggssonar, dómstjóra við Héraðsdóm Vestfjarða, þar sem Vestmark borgaði ekki tryggingu fyrir málskostnaði. Forsaga þessa máls er í stuttu máli sú að Vestmark stefndi Snerpu til greiðslu skaðabóta eftir að Snerpa rifti samningi til sameiningar fyrirtækjanna þann 4. júlí 2001. Snerpa rifti samningum í kjölfarið á deilum m.a. um hlutafjárukningu í Vestmark sem koma átti til framkvæmda fyrir sameiningu fyrirtækjanna.



Pimonlask Rodpitake og Anna Överby við altari Búdda. Þær voru báðar hvítklæddar í tilefni dagsins til að leggja áherslu á hreinleikann.

Tælendingar á Ísafirði héldu árlega hálf mánaðar grænmetishátíð

Efnt til veislufagnaðar á Ísafirði

Tælendingar héldu árlega hálf mánaðar grænmetishátíð sína í lok september og framan af október. Í tilefni þessa bauð tælenska samfélagið á Vestfjörðum til grænmetisveislu á Ísafirði. Þar var sett upp

Búddaaltari og leikin tónlist við hæfi. Í boði voru vel útlátnar grænmetisrásir sem gerð voru góð skil. Að sögn Guðrúnar Önnu Finnogadóttur hjá Rótum, félagi áhugafólks um menning-

arfjölbreyni, kom mörgum á óvart hve góðir grænmetisréttirnir voru. Jafnvel var dregið í efa að ekkert kjöt væri notað í matreiðsluna. „Þetta var mjög vel undirbúið af tælensku konunum og var að langmestu

leyti skipulagt og framkvæmt af þeim.“ Fyrirtækin Kambur á Flatreyri og Bakkavík í Bolungarvík styrktu framtakið. Auk þess lögðu Rauði krossinn og Rætur verkefninu lið.

Auður Björnsdóttir hundabjálfari á Ísafirði

Þjálfaði hundinn Trygg til að hjálpa fötluðum syni sínum

Menn trúa vart sínum eigin augum þegar þeir fylgjast með hvernig hundurinn Tryggur hjálpar litlum fötluðum dreng í athöfnum daglegs lífs. Auður Björnsdóttir á Ísafirði er eigandi og þjálfari hundsins og jafnframt móðir drengsins. „Tryggur er blanda af Labrador og Golden Retriever. Þegar sonur minn greindist með vöðvarýrnu langaði mig að reyna að þjálfva hundinn og þjálfarinn minn í Norgei hvatti mig til þess“, segir Auður, sem lærði hundabjálfun í Noregi. Auður segi þjálfunina vera mikla þolinmæðisvinnu en drengurinn og hundurinn ölust upp saman og hjálpaði það mikið til við þjálfunina hve vel þeir

þekkjast. „Labrador hentar vel í þessa vinnu. Bæði er stærðin mátuleg en fyrst og fremst er það geðslagið sem skiptir máli auk þess sem vinnugleði þeirra er mikil“, segir hún. Auður á auk Tryggs leitarhundinn Tuma sem hún þjálfaði einnig. Hann er nú kominn á eftirlaun en hefur staðið fyrir sínu og var meðal annars notaður til leitar þegar snjóflóð féll á Súðavík fyrir nokkrum árum. „Ég er fljót að sjá hvort hægt er að nota hunda til þjálfunar en það er sannarlega ekki hægt að nota alla hunda“, segir Auður, sem er að hefja þjálfun á hundi fyrir mann í hjólastól. „Þetta tekur langan tíma og kostar talsvert þess vegna“, segir hún



Auður Björnsdóttir hundabjálfari.

og bætir við að því miður taki tryggingarnar ekki þátt í þeim kostnaði. „En ég hvet fólk til að reyna að sækja sjálft um það til Tryggingastofnunar.“ Auður segir þessa vinnu afskaplega skemmtilega og gefandi. „Maður er að vinna nýja sigra á hverjum

degi. Maður setur sér takmark og þegar því er náð er það sigur sem gleður mikið“, segir Auður Björnsdóttir, sem er farin að svipast um eftir þriðja hundinum fyrir sjálfa sig. Hún hefur augstað á Shetland-fjárhundi eða Whippet.

Gamli barnaskólinn við Aðalstræti á Ísafirði

Leitað eftir styrk til endurbyggingar

Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar vilja aukin framlög í Húsafriðunarsjóð og jafnframt að ábyrgð sjóðsins á ákvörðunum hans verði aukin. Á fundi sem Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, og Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, áttu með fjárlaga-

nefnd Alþingis fyrir skömmu, tilkynntu þeir að bærinn hygðist sækja um fjárframlag úr Húsafriðunarsjóði til endurbyggingar gamla barnaskólans við Aðalstræti á Ísafirði. Í erindi þeirra til fjárlaganefndar segir svo: „Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tók ákvörðun fyrir 3-4 árum

um að rífa gamla barnaskólinn á Ísafirði en húsið er að grunni til frá 1901. Ákvörðun þessi var tekin vegna þess að húsið hentar illa inn í heildar fyrirkomulag á svæðinu, tekur mikið pláss en rými þess nýtist ekki vel miðað við nútíma-kröfur. Auk þess liggur fyrir að

gríðarlegur kostnaður fylgir því að gera húsið upp. Húsafriðunarsjóður ríkisins stöðvaði þessa ákvörðun með einni ákvörðun og bæjarstjórn varð að fella gamla barnaskólann að hugmyndum um framtíðaruppbyggingu í húsnaðismálum Grunnskólans á Ísafirði. Nú verður sótt um til

MAÐUR VIKUNNAR

Hafði mestan hug á að verða vísindamaður



Nafn: Haraldur Júlíusson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 6. júlí 1964.
Atvinna: Rekstrarstjóri hjá Húsasmíðjunni hf.
Fjölskylda: Ég er giftur Ingibjörgu Einarsdóttur og við eigum fjögur börn, Ármann 14 ára, Júlíönu 12 ára og Margeir og Þorberg 6 ára.
Helstu áhugamál: Stangaveiði.
Bírfreið: Á engan bíl.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Sæmilegan jeppa.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Rafvirkir eða vísindamaður.
Uppáhalds matur? Mér finnst eiginlega allur matur góður en í sérstöku uppáhaldi er t.d. kæst skata og góð steik.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Koli.
Uppáhalds drykkur? Kaffi.
Uppáhalds tónlist? Gospel tónlist.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Ferrari liðið og Michael Schumacher.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir og fréttatengt efni.
Uppáhalds vefsíðan? Ég nota netið frekar mikið svo að ég á margar uppáhalddssíður, auðvitað bb.is
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Þegar Trólli stal jólnum.
Fallegasti staður hérlendis? Laugardalur í Djúpi.
Fallegasti staður erlendis? Ströndin við Bournemouth í Englandi í miklu brimi.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.
Uppáhalds heimilistækið? Tölvan.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Vera með góðum félögum að veiða eða gera eitthvað annað skemmtilegt.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Garðurinn minn. Hann er ókláraður og ég nenni ekki að klára hann.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Á sumrin fer ég í sumarbústaðinn og ligg í leti. Á veturna ligg ég í leti.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta ræstast? Já.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Það er líklega í árdögum sambands okkar hjóna. Við vorum rétt að kynnst og fórum í ferðalag á æskustöðvar hennar. Ferðalagið endaði með sjúkrahugi til Reykjavíkur og ég hitti tilvonandi tengdaforeldra mína á Landsspítalanum.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Ekki er einn dagur mikið en ný sundlaug væri góð og færri einstefnugötur.
Lífsmottó? Að öll dýrin í skóginum séu vinir.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Húsafriðunarsjóðs vegna fyrsta áfanga í að gera gamla barnaskólann upp. Sótt verður um 50% af framkvæmdakostnaði eða 6.000.000.- kr. að þessu sinni. Miðað við getu sjóðsins má þykja gott ef hann úthlutar 600.000.- kr. því þótt Húsafriðunarsjóður geti lagt þungar byrðar á eigendur gamalla húsa fylgir því engin ábyrgð af hálfu sjóðsins. Undirritaðir vilja vekja athygli fjárlaganefndar á þessari staðreynd“, segir í erindi bæjarstjóra og formanns bæjarráðs. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir rúmum 66 milljónum króna til Húsafriðunarsjóðs.

Framsalið – banabiti byggðanna?

Á síðum blaðsins Eyjafrétta er deilt um línuvöðun, kjarni málsins er atvinnuöryggi byggðanna. Fólk tekur afstöðu í málinu eftir því hvort það telur að málið bæti stöðu byggðarlagsins eða dragi úr atvinnuöryggi. Línuvöðunin mun bæta stöðu fólks þar sem línuútgærd er stunduð að einhverju marki. Kosturinn er að slík útgærd stuðlar að vinnslu í landi og tengir saman byggð og nærliggjandi fiskimið. Það eykur atvinnuöryggi.

Það er mikill misskilningur að ívilnunin muni skaða aðra staði, af þeirri einföldu ástæðu, að hún er hófleg og afmörkuð og á ekki að valda samdrætti í útgefnum aflaheimildum. Þannig er frá málinu gengið í samþykktum stjórnarflokkanna hvors um sig.

Stjórnarflokkarnir: Valkostur útgerðarmanna

Það kom skýrt fram í kosningabaráttunni hvað ívilnunin gæti verið, t.d. í Morgunblaðinu 24. apríl. Engin viðbrögð urðu meðal útvegsmanna alla kosningabaráttuna. Ég hef farið yfir öll skrif og viðtöl við þá fyrir síðustu kosningar og enginn þeirra minnst einu orði á línuvöðunina. Voru þeir þó sérlega áberandi síðustu dagana og beittu sér verulega í því skyni að hafa áhrif á kjósendur.

Það er satt að segja umhugsunarefni, en verður ekki rétt frekar hér, en útvegsmennirnir vörðu við málflutningi stjórnarandstöðunnar og vísuðu auðvitað þar með kjósendum á stjórnarflokkana. Það er athyglisvert því enginn stjórnarandstöðuflokkur bar fram línuvöðun heldur einungis stjórnarflokkarnir.

Meðal þeirra sem beittu sér var Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. Hann skrifaði tvær greinar fyrir kosningar, í Mbl. 3. maí og í Fréttablaðinu 9. maí, gegn málflutningi stjórnarandstöðuflokkanna, en minnst ekki einu orði á línuvöðun, hann hafði sem sé ekkert við hana að athuga. Honum fannst engin ástæða til þess að vara Eyjamenn við samþykkt Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fyrir kosningar.

Standa á við gert samkomulag

Tillaga um málið var samþykkt samhljóða og án mótakvæða á flokksþingi Framsóknarflokksins í febrúar sl. Tveir ágætir félagar úr Suðurlandshöfðinu báru tillöguna fram og töluðu fyrir henni, þeir

Hjálmar Árnason og Eysteinn Jónsson. Annar er þingmaður kjördæmisins og hinn er aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra.

Samþykkt um línuvöðun var samkomulag milli þeirra sem vildu breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, m.a. til þess að styrkja veigar sjávarbyggðir, og hinna sem vilja engar breytingar, en óttuðust tillögur stjórnarandstöðunnar. Það gildir um báða stjórnarflokkana og menn eiga að standa við gert samkomulag. Það er ekki stórmannlegt að hlaupa frá því eftir kosningar.

Framsalið: Enginn öruggur

Vandinn er ekki línuvöðun heldur framsalið sjálft. Það eru of mörg dæmi um ákvarðanir sem útgerðarmenn eða eigendur hlutabréfa tóku og gengu gegn almennum hagsmunum íbúanna í viðkomandi byggðarlagi.

Við Vestfirðingar munum fláræði og blöðmælgis manna sem keyptu ráðandi hlut í vestfirskum útgerðarfyrirtækjum og sögðust ætla að efla útgærd og vinnslu en fluttu innan skamms tíma veiðiheimildirnar til síns heima á Akureyri, í Grindavík og Rífi, svo dæmi séu nefnd. Síðan framsalið var leyft óheft hafa aflaheimildir safnast á tiltölulega fáa staði og frá mörgum sjávarplássum um land allt.

Nú vakna menn við vöðun draum á stöðum eins og Akranesi og Akureyri, kvóti getur nefnilega farið frá þeim en ekki bara færst til þeirra. Það er enginn öruggur. Þess vegna verður að gera breytingar á gildandi lögum, þannig að handhafar kvótans hafi ekki fullkomlega frjálssar hendur um sölu veiðiheimildanna og hagsmuna annarra í plássunum sé gætt.

Útvegsmenn eru hvorki einir í heiminum né hinir útvöldu. Það er því ekki eðlilegt að þeir einir eigi eða ráði. Þetta er stóra vandamálið sem menn komast ekki undan að taka á. Framsalið hefur lamað mörg sjávarpláss og gæti orðið banaþítt þeirra.

Sérstaða Vestmannaeyja

Vestmannaeyjar hafa algera sérstöðu þegar skoðað er hvernig lönduðum afla er ráðstafað. Á síðasta ári var landaður botnfiskafli 39.169 tonn í Eyjum. Aðeins 23% aflans fór til vinnslu í heimahöfn eða 9.144 tonn. Verkað annars staðar innanlands voru 3.157 tonn til viðbótar. Samtals er til vinnslu innanlands aðeins um 31% af botnfiskaflanum.

Landað unnið var 15.305 tonn, erlendis var landað 4.100 tonn og 7.398 tonn voru send í gámum.

Þetta eru ótrúlegar tölur, í það heila tekið fara aðeins um 30% af aflanum til vinnslu innanlands, önnur 30% eru unnin úti á sjó og um 40% eru seld óunnin úr landi. Engin önnur verstöð á landinu ráðstafað sínum með þessum hætti.

Vestfirðingar vinna sjálfir um 76% af lönduðum botnfiskafli í fjórðungnum (sem var 42.084 tonn á síðasta ári) og samtals um 90% eru unnin innanlands. Aðeins 721 tonn af botnfiski er selt úr landi í gámum og engu er landað erlendis. Landað unnið var 3.540 tonn eða um 8% af botnfiskaflanum.

Útvegsmenn í Vestmannaeyjum skulda sínu fólki skýringar á því hvers vegna þeir ráðstafa svo litlu af afla sínum til vinnslu í sínum heimabæ. Hversu mörg störf væri hægt að skapa í Vestmannaeyjum ef ráðstöfun aflans væri með svipuðum hætti og á Vestfirðum, eða með öðrum orðum, hve margir hafa misst vinnu sína vegna þess að aðeins 23% af botnfiskaflanum er unnið í



Kristinn H. Gunnarsson. heimahöfn?

Hvers vegna leigðu útgerðarmenn í Eyjum frá sér 4.059 tonn af þorski fiskveiðiárið 2001/2002 en aðeins 1.466 tonn til sín? Það eru nettó 2.592 tonn.

Má ekki vera ósammála?

Mér finnst að Þórður Rafn Sigurðsson fari offari í viðtali við Eyjafréttir fyrir skömmu. Hann ræðst persónulega að fólki og engu líkara er en að hann einn viti og kunni. Hann bregður mér um að hafa ekki vit á því hvað fiskur er og hvernig hann hagar sér, Drífa

Hjartardóttir fær þá sendingu að hafa ekki hundsvit á þessum málum, bæjarfulltrúar í Eyjum eru glópar og Einar Oddur Kristjánsson fær sinn skerf. Sigurjón Óskarsson bætir um betur og vegur að Matthíasi Bjarnasyni og þeir báðir ráðast að Guðmundi Halldórssyni.

Hvað á svona málflutningur að þýða, geta menn ekki talað fyrir sínum skoðunum án þess að vera með persónulegar svívirðingar? Ég velti því fyrir mér hvernig er tekið á því fólki í Eyjum sem ekki sammála þessum mönnum. Ef þetta viðtal er lýsandi fyrir viðbrögðin, þá er ekki að sjá að skoðana-frelsi sé virt mikils. Er það næg efni til þess að vega að fólki persónulega að það talar fyrir samþykkt sinna flokka?

Það var unnið með kerfinu

Um viðtalið við þá tvímenn- inga má margt segja en ég vil láta nægja að segja, að Vestfirðingar voru ekki síðri en aðrir að vinna með kvótakerfinu. Í kerfinu felst hvati til að selja veiðiheimildir og hætta útgærd og til þess að sameina

fyrirtæki og aflaheimildir en fækka skipum. Það getur ekki verið tilefni hnjóðsyrða að hafa gert það.

Dæmi um sameiningu fyrirtækja er útgærd Guðbjargarinnar frá Ísafirði. Fyrirtækið var sameinað Samherja til þess að afla meiri veiðiheimilda á skipið og samið var um að það yrði áfram gert út frá Ísafirði. Það var svikið. Veiðiheimildir voru ekki fluttar til Ísafjarðar, heldur frá Ísafirði til Akureyrar. Það voru ekki Vestfirðingar sem sviku, þeir voru sviknir, þetta er ekki eina dæmið af þessu tagi.

Hvers vegna segir Þórður Rafn, í ljósi þessa, að helsta vandamál Vestfirðinga sé hversu illa þeim tókst að halda á sínum kvótamálum? Felst í þessu sú skoðun að hann telji að sá sem svikinn er sé ábyrgur en ekki sá sem sveik?

Að lokum finnst mér ekki mikil reisin yfir því að ráðast persónulega á forsvarsmann hagsmunasamtaka fyrir það eitt að hann er að ljúka sínu ævistarfi á áttæðisöldri. Hann seldi handfærabát sinn og getur á engan hátt hagnað af ívilnu á línuveiðir ef hún kemur til framkvæmda.

– Kristinn H. Gunnarsson.



Gísli Guðnason og Óskar Ólafsson reyna bátinn í Suðureyrahöfn.

Björgunarsveitin Björg á Suðureyri

Fær nýjan harðbotna björgunarbát

Björgunarsveitin Björg á Suðureyri hefur tekið í notkun nýjan björgunarbát sem er harðbotna slöngubátur. Hann er af gerðinni Pro-Safe og framleiddur í Danmörku, 5,88 metrar á lengd og rúmar tíu til fimmtán manns. Báturinn er með 90 hestafla mótör og

gengur 30-35 sjómílur með þremur mönnum um borð. Gísli Guðnason hjá björgunarsveitinni Björg á Suðureyri segir bátinn gjörbyltingu í tækjabúnaði sveitarinnar en fyrir átti hún slöngubát. Björgunarsveitarmenn hafi reynt nýja björgunarbátinn í kaldaveðri og hafi hann

gefið góða raun. „Við vorum að ganga þetta 20-25 mílur á móti veðrinu. Slöngubáturinn okkar hefði bara hoppað og skoppað undir svona kringumstæðum“, segir Gísli. Báturinn hlaut nafnið Gísli Gúmm eftir vigtarmanni sem var lengi á Suðureyri. Hingað kom-

inn kostar hann tæplega 1,5 milljónir króna en björgunarsveitin sá sjálf um að flytja hann inn frá Danmörku. Gísli segir bátinn keyptan með tilstyrk margra útgerða á Suðureyri auk fjölda fyrirtækja í Ísafjarðarbæ.

– kristinn@bb.is

Grindavík fengi mest af öllum útgerðarstöðum

Ef til línuívilnunar kemur hafa bátar í Grindavík mesta möguleika af öllum útgerðarstöðum landsins til að nýta sér hana í þorski. Tæp 7% af úthlutuðum þorskkvóta á smábáta og krókaafلامarksbáta koma í hlut Grindavíkur. Vestfirðir eru hæsti landshlutinn en Reykjanes ásamt höfuðborgarsvæðinu kemur næst á eftir. Í umræðum um línuívilnun hefur hins vegar jafnvægi mátt skilja að hún yrði eingöngu bundin við Vestfirði. Þar er skemmst að minnast viðtals við formann Útvegsmannafélags Suðurnesja, Þorsteins Erlingssonar, um framgöngu Vestfirðinga í máli þessu.

Með línuívilnun er átt við að veita dagróðrabátum, sem róa með línu, ívilnun í kvóta. Þeir bátar sem helst er rætt um að hafi möguleika á að nýta sér þennan möguleika eru smábátar og svokallaðir krókaafلامarksbátar.

Eðli málsins samkvæmt hafa mesta möguleika til þess að nýta sér ívilnun þessa þeir bátar sem mesta úthlutun hafa í hverri tegund fyrir sig sem veðist á línu. Mest hefur í umræðunni borið á hugsanlegum veiðum á þorski á línu.

Við skoðun á úthlutuðum aflakvóta í þorski til þessara bátaflokka kemur margt athyglisvert í ljós. Bátar í Grindavík, sem er á félags-

svæði Útvegsmannafélags Suðurnesja, geta borið mest úr bítum ef til línuívilnunar kemur. Bátar í Grindavík hafa til umráða tæp 7% af þorskkvóta í þessum bátaflokkum. Er það stærsta úthlutun til einstaks sveitarfélags á landinu. Næst á eftir kemur Bolungarvík með 5,3%, síðan Grímsey með 4,6%, Hornafjörður með 4,6% og fimmta sveitarfélagið íröðinni Ólafsvík með 4,5% aflaheimilda í þorski á þessa tegund báta. Af öðrum sveitarfélögum má nefna að sjálf höfuðborgin, sem aldrei er nefnd sem smábátaútgerðarstaður, er með 3,9% kvótans og Hafnarfjörður þar rétt ofar með 4,0% úthlutunar.

Þegar horft er til landshluta kemur mest í hlut Vestfirðinga eða 25,7%, Reykjanes ásamt höfuðborgarsvæðinu kemur þar á eftir með 21,0%, Vesturland með 17,6%, Austurland með 16,7% og Norðurland með 16,5%. Lestina rekur Suðurland með 2,5%.

Af þessum tölum má ráða að svokölluð línuívilnun gæti vegið þungt í flestum landshlutum ef til hennar kemur. Það skal ítrekað að hér er aðeins verið að fjalla um hlutfall úthlutunar í þorski til tveggja flokka skipa. Ekki er sjálfgefið að menn nýti sér þá möguleika sem í boði eru. Hins vegar er kvótagegn forsenda þess að ívilnun komi til. – [hj@bb.is](#)

Minningartónleikar og Sigríði og Ragnar H. Ragnar

Erling Blöndal og Nina vöktu mikla hrifningu

Óhætt er að segja að sellósnillingurinn Erling Blöndal Bengtsson og tengdadóttir hans, rússneski píanóleikarinn Nina Kavtaradze, hafi vakið mikla hrifningu áheyrenda í Hörmum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar á miðvikudag í síðustu viku er þau léku á minningartónleikum um heiðurshjónin Sigríði Jónsdóttur Ragnar og Ragnar Hjálmarsson Ragnar. Erling Blöndal hefur komið reglulega til Íslands á liðlega fimmtíu ára ferli og bæði haldið tónleika og námskeið á Ísafirði. Nina er tónleikagestur á Ísafirði einnig kunnug. Erling og Nina fluttu þrjár sónotur eftir Beethoven, Chopin og Sjostakovits auk elegíu eftir Fauré. Þeim mætti dúndrandi lófatak að hljótleikum loknum og kynnti þá Erling til sögunnar sónatínu eftir Beethoven sem þau fluttu að



Nina og Erling Blöndal í Hörmum.

auki. Erling Blöndal Bengtsson er fæddur og uppalinn í Danmörku en móðir hans var frá Ísafirði. Hann er einn af fremstu sellóleikurum heims og þykir framúrskarandi bæði í tækni og túlkun. Höfðu tónleikagestir á orði

að um viðburð á heimsmælikvarða væri að ræða sem mætti líkja við það ef Manchester United kæmi vestur á firði til að leika knattspyrnu eða Rolling Stones héldu þar rokktonleika. Minningartónleikar um Ragnar H. Ragnar og

síðar einnig um Sigríði konu hans hafa verið árlegur viðburður frá árinu 1988. Þeir eru ávallt haldnir nálægt afmælisdegi Ragnars heitins hinn 28. september. Ísafjarðarbær og fjölmörg fyrirtæki styrktu tónleikahaldið.

Verktakafyrirtækið Kubbur ehf., á Ísafirði

Bauð lægst í endurlögn Djúpvegjar í Álftafirði

Verktakafyrirtækið Kubbur ehf. á Ísafirði átti lægsta boð í endurlögn Djúpvegjar af Kamsnesi og inn í Álftafjarðarbotn. Tilboð fyrirtækisins hljóðaði upp á kr. 47.721.000 eða 75,4% af áætl. kostnaði

sem er kr. 63.295.000. Alls bárust fimm tilboð í verkið og voru þrjú þeirra undir kostnaðaráætlun. Næst lægsta tilboðið var frá Fyllingu ehf. á Hólmarvík og hljóðaði upp á kr. 53.919.000 eða

85,2% af kostnaðaráætlun. Þá buðu Kluftir ehf. í Reykjavík kr. 55.996.800 eða 88,5% af kostnaðaráætlun. Hólsvélur ehf. í Bolungarvík buðu kr. 75.703.000 eða 119,6% af kostnaðaráætlun.

Hæsta boðið kom frá Úlfari ehf. á Flateyri kr. 76.543.600 eða 120,9% af kostnaðaráætlun. Vegarkafinn sem um ræðir er alls um 8,68 km. Verkinu skal að fullu lokið 1. sept. á næsta ári. – [kristinn@bb.is](#)

Menntaskólinn á Ísafirði

Nám á fjölmenningsarbraut á vorönn

Þessa dagana er unnið að undirbúningi fjölmenningsbrautar við Menntaskólann á Ísafirði og hefst kennsla þegar á vorönn. Þetta verður almenn námsbraut fyrir nýbúa og hugsuð sem undirbúningur fyrir hefðbundni framhaldsskólánám, að sögn Valdimars Halldórssonar, umsjónarmanns brautarinnar.

Hann segir námsbrautina ætlaða fólki af erlendum uppruna á aldrinum 16 til 65 ára. Ef næg þátttaka fæst verða sjö greinar í boði í fyrstu. Þær eru íslenska, tölvunotkun, stærðfræði,

lífsleikni, enska og íþróttir, auk áfanga í samfélagsfræði sem fjallar um íslenskt samfélag og réttindi og skyldur þeirra sem búa hér á landi.

Valdimar segir stefnt að því að hefja kennslu á brautinni 5. janúar en kennt verður á milli kl. 16 og 21. Kynningarfundur fyrir alla nýbúa sem hafa hug á að kynna sér möguleika á að stunda nám við skólann verður haldinn í Menntaskólanum á Ísafirði kl. 19.30 fimmtudaginn 23. október.

– [kristinn@bb.is](#)

Fjáraukalög 2003

Níutíu milljónir í menningarhús

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi, er óskað heimildar til greiðslu á 90 milljónum króna í menningarhúsin á Ísafirði í samræmi við samning sem gerður var í vor. Verði frumvarpið að lögum fær Ísafjarðarbær því milljónirnar 90 greiddar fyrir áramót. Í athugasemdum með frumvarpinu segir, að fyrirhugað sé að greiða 40 milljónir til verkefnisins á árinu 2004 og eftirstöðvar samningsins eða 76 milljónir króna verði greiddar á árunum 2005 og 2006.

Samtals greiðir því ríkið

206 milljónir til menningarhúsanna samkvæmt áður nefndum samningi. Áður hafði ríkið styrkt verkefnið um 45 milljónir og nema þá heildargreiðslur ríkisins 251 milljón króna.

Þrátt fyrir þetta er, eins og áður hefur komið hér fram, ekki gert ráð fyrir fjárveitingu í þetta verkefni á árinu 2004 í fjárlagafrumvarpinu sem lagt hefur verið fram. Ekki er umrædds samnings heldur getið í athugasemdum menntamálaráðuneytis með fjárlagafrumvarpinu. Ekki hafa fengist skýringar í ráðuneytinu hvers vegna svo sé. – [hj@bb.is](#)

Atvinnuleysistryggingasjóður

Veitir styrki til Bolungarvíkur

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt umsóknir Bolungarvíkurkaupstaðar um styrk til tveggja tímabundinna verkefna. Samtals styrkir sjóðurinn ráðningu fjögurra starfsmanna í sex mánuði.

Annað verkefnið miðar að því að „auka við námsaðstöðu fjarnama á bókasafni m.a. með að bjóða upp á opnun lesstofu og tölvuadstöðu utan hefðbundins vinnutíma“ eins og segir í bréfi sjóðsins. Einnig til að „sinna ýmsum verkefnum tengdum menningar og félagsstörfum í sveitarfélaginu ásamt undirbúningi sýninga, skráningu gagna, myndna og fleira“ segir í bréfi sjóðsins. Þetta verkefni er styrkt til ráðningar tveggja starfsmanna í sex

mánuði.

Hitt verkefnið sem styrk hlýtur miðar að því að koma upp aðstöðu fyrir íbúa Bolungarvíkur til að sinna tómstundum og handverki. „Verkefnið er hugsað sem tilraun til að bæta líðan einstaklinga í samfélagi sem hefur átt undir högg að sækja vegna áfalla í atvinnulífi og náttúruaflla. Gert er ráð fyrir að starfsmennirnir undirbúi framangreinda aðstöðu, safni því saman sem til þarf og starfi síðan við frekari þróun og umsjón hennar það tímabil sem verkefnið eða tilraunin stendur yfir“, segir í samþykkt sjóðsins. Þetta verkefni hlaut einnig styrk til ráðningar tveggja starfsmanna í sex mánuði.

– [hj@bb.is](#)

Bygging íþróttahúss á Suðureyri í undirbúningi

Birna Lárusdóttir forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar segir undirbúning að byggingu íþróttahúss á Suðureyri í fullum gangi. Leitað hafi verið til sérfræðinga um alúttboð og fundur sé fyrirhugaður á Suðureyri og að byggingarnefnd verði skipuð á næstunni. Þetta kemur fram í svari til Óðins Gestssonar sem auglýsti á dögum eftir byggingunni á fræðslunefndarfundi.

Á fundi fræðslunefndar fyrir skömmu lagði Óðinn Gestsson (D) fram svohljóðandi bókun: „Í samræmi við fundargerð bæjarráðs á 344. fundi ráðsins þann 10. júní s.l., þar sem fram kemur að bæjarráð mælir með því við bæjarstjórn að hafist verði handa við undirbúningsvinnu

við alúttboð á fjölnota íþróttahúsi á Suðureyri og er tillagan síðan staðfest á 144. fundi bæjarstjórnar þann 12. júní 2003, leikur undirrituðum forvitni á að vita hvar þetta mál er stadd í dag og hvenær megi vænta þess að grunnskólakennarar á Suðureyri fái viðunandi húsnæði fyrir íþróttakennslu. Það er á ábyrgð fræðslunefndar að sjá til þess að bæjarstjórn fái vitneskju um ef ekki er til staðar fullnægjandi húsnæði til kennslu. Það er öllum löngu ljóst að svo hefur ekki verið um langa hríð á Suðureyri þó svo að menn hafi látið sig hafa það hingað til. Fræðslunefnd hefur áður bent á aðstöðuleysið á Suðureyri og hefur ekki treyst sér til þess að koma með aðrar lausnir

ir í þessu máli svo sem akstur í önnur íþróttahús bæjarins.

Í aðdraganda síðustu bæjarstjórnarkosninga lýstu þeir aðilar, sem nú fara með völd í Ísafjarðarbæ, því yfir að úr þessu aðstöðuleysi yrði bætt, undirbúningsvinna var framkvæmd, þar sem farið var yfir málin og könnuð stærðarþörf og þess háttar, eftir að þetta lá fyrir eins og málið hafi legið í láginni og hef ég það á tilfinningunni að engum komi það við lengur, en betra væri ef ég hefði rangt fyrir mér í þeim efnum.“

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í síðustu viku lagði forseti bæjarstjórnar Birna Lárusdóttir (D) fram svohljóðandi bókun sem svar við bókun Óðins Gestssonar:

„Vegna fyrirspurnar fulltrúa í fræðslunefnd til bæjarstjórnar varðandi byggingu íþróttahúss á Suðureyri skal það upplýst að undirbúningur er hafinn í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar frá 12. júní 2003. Bæjaræknifræðingur hefur leitað til sérfræðinga um undirbúning á alúttboði vegna byggingarinnar og bæjarstjóri hefur boðað fund með forsvarsmönnum félagasamtaka á Suðureyri til að ræða framtíð félagsheimilisins allt í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar 12. júní s.l. Auk þess má geta þess að í undirbúningi er tillaga til bæjarráðs og síðan bæjarstjórnar um byggingarnefnd vegna fjölnota íþróttahúss á Suðureyri.“

– hj@bb.is



Suðureyri.

Gíslasöguverkefnið í menningartengdri ferðapjónustu

Stefnt að stofnun félags um verkefnið

Stefnt er að því að stofna félag um svokallað Gíslasöguverkefni á sviði menningartengdrar ferðapjónustu, sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hafði frumkvæði að. Áhugamannahópur á Þingeyri ásamt Dorothee Lubecki ferðamálafulltrúa undirbýr stofnfund sem ætlunin er að

halda á Þingeyri 18. október. Dorothee segir að ætlunin sé að kynna stofnun félagsins nánar þegar nær dregur. Nú sé undirbúningshópurinn að leita eftir nafni á félagið og verkefnið

„Við óskum eftir tillögum að nafni og þiggjum með þökkum allar hugmyndir. Það

er svo mikið af hugmyndaríku fólki hér allt um kring að við hljótum að detta niður á eitt-hvað gott“, segir Dorothee. Hafa þarf í huga að nafnið á að vera lýsandi fyrir verkefnið og tengjast á einn eða annan hátt vikingatímanum eða Gíslasögu. Að auki þarf nafnið að vekja athygli og vera auðþýð-

anlegt yfir á önnur tungumál. Ábendingar þurfa að berast fyrir 15. október.

Verkefnið lýtur að hagnýtingu Gísla sögu Súrrsonar í menningartengdri ferðapjónustu á Vestfjörðum. Gíslasöguhópurinn er angí af fjölþjóðlega samstarfsverkefninu „Destination Viking“ sem

styrkt er af Norðurslóðaaætlun Evrópusambandsins. Samstarfið nær til söguslóða víkinga að stærstum hluta, allt frá Svíþjóð í austri til Nýfundnalands í vestri. Íslenski hluti verkefnisins nefnist „Saga Lands“ og fer fram á nokkrum stöðum um landið. Í Húnavatnssýslu er tekið á

Grettissögu, víkingaskipið Íslendingur leikur stórt hlutverk í Reykjanesbæ og Borgnesingar eru að fara í gang með verkefni tengt Agli Skallagrímssyni. Síðast en ekki síst er að nefna Gíslasöguverkefnið sem mun hafa miðstöð sína á Þingeyri.

– kristinn@bb.is

Hafrannsóknastofnun

Fær ekki leyfi til að bæta við starfsmönnum á Ísafirði

Hafrannsóknastofnun hefur verið synjað um leyfi til að fjölga starfsmönnum við útibúið á Ísafirði um tvo. Umrædd beiðni var í fjárlagatillögum sem stofnunin gerði fyrir árið 2004. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða ráðuneyti hafnaði beiðninni.

Að sögn Jóhanns Sigurjónssonar forstjóra Hafrannsóknastofnunar var ætlunin að annar þessara starfsmanna sinni veiðarfærarannsóknunum og hinn starfaði í tengslum við ört vaxandi þorskeldi. Ekki var um að ræða tilfærslu á störfum innan stofnunarinnar að ræða heldur ný störf vegna aukinna verkefna m.a.

í tengslum við verkefni sem stofnuninni hefur verið falið í þorskeldi.

Ekki var fallist á þessar tillögur stofnunarinnar. Ekki hefur tekist að afla upplýsinga um hvar þessi tillaga var skorin niður. Líklegast verður þó að telja að það hafi verið annað hvort í ráðuneyti sjávarútvegs eða fjármála.

Magnús Stefánsson formaður fjárlaganefndar og þingmaður Norðvestur-kjördæmis (B) hafði ekki heyrð af þessu máli þegar það var borið undir hann en kvaðst ætla að kynna sér það.

– hj@bb.is

Þjónustudeild Hlífar, íbúða aldraðra á Ísafirði

Ísafjarðarbær hót-ar lokun deildarinnar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er orðin þreytt á tómlæti heilbrigðisráðuneytisins vegna þjónustudeildar Hlífar, íbúða aldraðra á Ísafirði, og hót-ar lokun deildarinnar, fáið ekki auknir styrkir til starfseminnar. Í greinargerð sem Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, lagðu fram á fundi með fjárlaganefnd Alþingis fyrir stuttu, var rædd staða þjónustudeildar aldraðra á Hlíf og viðræður sem bæjaryfirvöld hafa átt um marga ára skeið við heilbrigðisráðuneytið um endurskoðun daggjalda til deildarinnar.

Í greinargerð bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs segir m.a.: „Þetta mál hefur rekist í

kerfinu í ein átta ár. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mun taka ákvörðun um það í vetur hvort ástæða sé til að loka þjónustudeild aldraðra þar sem heilbrigðisráðuneytið hefur engin viðbrögð sýnt við beiðnum Ísafjarðarbæjar um endurskoðun daggjalda en þjónustudeildin fær lægstu daggjöld þrátt fyrir að margoft hafi verið sýnt fram á griðarlega þjónustuþyngd. Ísafjarðarbær greiðir 51% af rekstrarkostnaði og nú er komið nóg.“

Í samtali við blaðið sagði Halldór Halldórsson bæjarstjóri að bæjaryfirvöld væru orðin mjög þreytt á stöðu þessara mála. Hann segir að sveitarfélög greiði að meðaltali 25% af rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila en Ísafjarðarbær



Hlíf, íbúðir aldraðra á Ísafirði.

greiði 51% af rekstrarkostnaði þjónustudeildarinnar á Hlíf. Í mörg ár hafi verið reynt að fá þetta leiðrétt en engin við-

brögð orðið.

Á þjónustudeildinni á Hlíf er pláss fyrir 11 manns.

– hj@bb.is

Fiskvinnsla í sextíu ár

– Þættir úr sögu fiskvinnslu á Ísafirði frá 1934 til 1993

Komin er út bókinn *Fiskvinnsla í sextíu ár – Þættir úr sögu fiskvinnslu á Ísafirði frá 1934 til 1993*. Höfundur er Jón Páll Halldórsson, fyrrum framkvæmdastjóri á Ísafirði, sem um langt árabil hefur verið hefur formaður Sögufélags Ísfirðinga. Á kápu segir, að bók þessi sé óbeint framhald af bókinni *Frá línuveiðum til togveiða*, sem kom út árið 1999. Í þeirri bók er rakin útgerðarsaga Ísafjarðar á fimmtíu ára tímabili eða frá 1944 til 1993.

Í nýju bókinni eru aftur á móti dregnir saman helstu þættirnir í sögu fiskvinnslu á Ísafirði á sextíu ára tímabili. Hér er saman kominn geysilegur fróðleikur, settur fram á lipran og læsilegan hátt eins og vænta mátti frá hendi Jóns Páls Halldórssonar. Bókina prýðir urmull mynda, sem margar hverjar hafa ekki birst áður, og aðrar, sem fáséðar mega teljast á síðari árum. Myndirnar sem hér fylgja, aðrar en myndin af höfundi, eru úr bókinni.

Á bókarkápu segir einnig:



Á stakkstæði Norðurtangans sumarið 1941. Talið frá vinstri: Guðbjörg Jónsdóttir, Ólöf Jakobsdóttir, Guðrún Richter, Jóhanna Jónsdóttir, Sigprúður Agnarsdóttir, Lína Þóra Gestsdóttir, Elínunda Helgadóttir, Ólöf Kristjánsdóttir og Jensína Mósesdóttir.

„Saltfiskverkun hafði um árabil verið undirstaða útflutnings sjávarfangs frá Ísafirði, þegar hér var komið sögu. Í miðri kreppunni á fjórða áratug aldarinnar var hafin hraðfrysting botnfiskaflans, sem síðan fór vaxandi á stríðsárunum. Á sama tíma hófu Ísfirðingar veiðar og vinnslu rækju, sem var algjört nýmæli hér á landi. Í bókinni er þróun og uppbygging þessara tveggja atvinnugreina rakin ítarlega, allt til ársins 1993. Þá er sagt frá saltfisk- og skreiðarverkun á þessu tímasteiði. Einnig eru frásagnir af þeim mönnum, sem lögðu grunn og stóðu í fararbroddi í þessari uppbyggingu.“

Í samtali við blaðið kvaðst Jón Páll hafa byrjað að „dunda“ við þetta verk eftir að fyrri bókinn var komin út eða í ársbyrjun 2000. Hann segir að gagnaöflun hafi gengið frábærlega vel. „Mig langar að koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem hafa veitt mér upplýsingar og ekki síst til þeirra sem hafa verið mér

innan handar með myndefni. Margar myndanna hafa ekki birst áður og ýmsar sem hafa birst munu nú flestum gleymdar.“ Þar nefnir Jón Páll meðal annars myndir sem Þorsteinn Jósefsson blaðamaður og ljósmyndari tók fyrir liðlega hálfri öld.

Aðspurður segir Jón Páll að verk þetta hafi ekki reynst erfið. „Nei, fyrst og fremst var þetta gaman. Ég þekki þetta tímabil mjög vel. Margt sem þarna kemur fram var í þann veginn að falla í gleymsku. Mér þótti mjög skemmtilegt að rifja upp þessa liðnu tíma með sem sem til þekktu og komu við sögu.“

Útgefandi bókarinnar er Sögufélag Ísfirðinga. Umbrot annaðist H-prent ehf. á Ísafirði en Prentsmiðjan Oddi hf. annaðist prentun og bókband. Í bókarklof eru heimildaskrá, nafnaskrá og myndaskrá. Ljóst er að höfundur hefur leitað heimilda afar víða og myndefnið er eins og áður sagði mjög ríkulegt.

Í eftirmála bókarinnar segir höfundur m.a.:

„Fyrir fjórum árum tók ég saman helztu þættina í útgerðarsögu Ísafjarðar á 50 ára tímabili, frá 1944 til 1993. Þessi samantekt kom út árið 1999 í bókinni *Frá línuveiðum til togveiða*. Ýmsir hvöttu mig þá til að gera hliðstæða samantekt um fiskvinnsluna á sama tímabili. Árangur þeirrar samantektar kemur hér með í ljós, en ýmissa hluta vegna taldi ég eðlilegra að hefja söguna tíu árum fyrr. Þar réð mestu, að árið 1936 markar ákveðin tímamót í þessari sögu. Þá var Íshúsfélagi Ísfirðinga hf. breytt í hraðfrystihús, sem markar upphaf hraðfrystingar sjávarfangs á Ísafirði og sama ár var stofnuð Rækjuverksmiðja Ísafjarðar, sem er upphaf rækjuvinnslu hér á landi. Þessa atburði vildi ég báða fella inn í frásögnina. Hún spannar því sextíu ára tímabil, frá 1934 til 1993.

Þegar nú er sleginn botninn í þessa upprifjun mína, er rétt að taka fram, að hér er um



Jón Páll Halldórsson í bókaherberginu heima.

sundurlausa þætti að ræða. Þessari samantekt er fyrst og fremst ætlað að vera söguleg upprifjun um þróun og uppbyggingu fiskiðnaðar á Ísafirði, en þó hefur verið reynt að tengja hana markaðsstarfinu og þróun efnahagsmála í landinu, eftir því sem nauðsynlegt hefur verið talið vegna sögulegs samhengis. Saga

þessa tímabils hefir á margan hátt verið viðburðarík og spannar eitt mesta framfaraskeiðið í íslenskum fiskiðnaði. Í upphafi þessa tímabils voru Íslendingar ein fátækasta þjóðin í Evrópu, og hér ríkti alvarleg efnahagskreppa, en í lok þess voru þeir orðnir ein ríkasta þjóðin í Evrópu. Þennan árangur má að verulegu

leyti þakka stórstígu framförum í veiðum og vinnslu sjávarfangs og öflugu markaðsstarfi. Til að lesandinn átti sig sem bezt á þeim breytingum, sem urðu á þessu tímasteiði, hefir verið reynt að lýsa framþróun í tækjum og búnaði í greininni eftir því sem tók eru á.“

– hlynur@bb.is



Fríðrik Vilhjálmsson og Oddur Örnólfsson setja pönnur í frystitækin.

Framkvæmdir við minningarreit hafnar

Fyrir stuttu hófust framkvæmdir við minningarreit um þá sem fórust í snjóflóðinu í Súðavík í janúar 1995. Pétur Jónsson landslagsarkitekt skipulagði minningarreitinn út frá hugmyndum heimamanna en reiturinn verður staðsettur í Túngötu í gamla hluta Súðavíkur. Ætlunin er að vígja minningarreitinn í júní á næsta ári. Fyrirhugað er að ljúka fyrri hluta framkvæmdanna í nóvember en ráðist verði í seinni hlutann næsta vor. Á mun krossinn sem er hluti minningarreitsins verða settur á sinn stað og tré og blóm gróðursett. – kristinn@bb.is

Lenti í erfiðleikum út af Rit vegna bilunar

Línubáturinn Margrét ÍS frá Flateyri lenti í erfiðleikum vegna vélabilunar útaf Rit í síðustu viku. Skipverjum á Selmu tókst að draga bátinn til Flateyrar. Um kl. 18.40 á miðvikudag barst tilkynning um að línubáturinn Margrét ÍS-42, sem er sjö tonna plastbátur, væri með bilaða vél 12 sjómílur NV af Rit. Kaldi var og útlit fyrir versnandi veður. Tilkynningarskyldan setti áhafnir björgunarbáta við Djúp í viðbragðsstöðu. Ekki kom þó til aðstoðar björgunarsveita því áhöfninni á Selmu ÍS-200 tókst að draga Margréti til Flateyrar. – hj@bb.is

„Aumingjaleg sparnaðarleið“ í ríkisfjármálum

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga mótmælir harðlega boðum breytingum á lögum um atvinnuleysisbætur. „Það er aumingjaleg sparnaðarleið í ríkisfjármálum að leggjast með þessum hætti á þolendur atvinnuleysis og þeirra smáarlega lágu laun. Við treystum því að hinn reynslulitli félagsmálaráðherra snúi við blaðinu þegar hann hefur kynnt sér kjör þessara skjólstæðinga sinna og hækki atvinnuleysisbætur verulega til samræmis við það sem gerist meðal annarra Norðurlandþjóða“, segir í samþykkt stjórnarinnar.

Hraðfrystihúsið hf. í Hnífsdal

Hér fara á eftir nokkrar glefsur úr þeim köflum í bók Jóns Páls Halldórssonar, *Fiskvinnsla í sextíu ár*, þar sem hann fjallar um Hraðfrystihúsið hf. í Hnífsdal, stofnun félagsins, sögu þess, stjórnendur og starfsfólk.

Stjórn félagsins [Hraðfrystihússins hf.] sat ekki auðum höndum. Hún kom saman strax að loknum framhaldsstofnundinum 19. janúar [1941]. Á þeim fundi var samþykkt, að fela Jóni Jónssyni, trésmið frá Flatreyri, að annast innkaup á vélum og öðru efni, sem með þyrfti til fyrirhugaðrar frystihússbyggingar í samráði við stjórnina. Jón Jónsson frá Flateyri kom mjög við sögu í sambandi við uppbyggingu hraðfrystiðnaðarins á Vestfjörðum á fyrstu árum hans. Hann var einn af stofnendum Hraðfrystihúss Flateyrar hf. 1938 og byggði fjölda frystihúsa víðsvegar um landið á næstu árum, auk annarra verklegra framkvæmda, sem hann hafði með höndum.

Einnig samþykkti stjórnin að fela Elíasi Ingimarssyni að annast allar daglegar framkvæmdir viðkomandi undirbúningi og framkvæmd málsins. Bendir margt til þess, að verulegur undirbúningur hafi farið fram áður en gengið var til sjálfrar félagsstofnunarinnar. Fljótlega eftir að félagið var stofnað, var gengið frá kaupum á tveim fiskverkunarhúsum, sem stóðu við Hnífsdalsbryggju. Þessi hús voru í eigu þeirra Elíasar Ingimarssonar og Einars Steindórssonar. Var kaupverð hvors húss kr. 10.000.

Byggingarframkvæmdir hófust í júní. Þá voru húsin tengd saman og stækkuð. Í þessum húsum var komið fyrir fiskmóttöku, vinnslu-aðstöðu, vélahúsi og frystigeymslu. Til að einangra frystigeymsluna var sótt reiðingstorf norður í Grunnnavík. Um sama leyti og byggingarframkvæmdir hófust kom frystipressan til landsins, en Vélsmiðjan Héðinn hf. í Reykjavík sá um pöntun á henni og smíði og uppsetningu á öðrum búnaði hússins. Á hluthafafundi, sem haldinn var 20. desember 1941, upplýsti framkvæmdastjóri, að byggingarkostnaður með vélbúnaði næmi kr. 149.000.

Í ágúst 1942 varð hörmu-

legt slys í húsinu. Starfsmenn þess voru að sprengja fyrirgrunni vegna stækkunar á vélahúsi. Voru þeir að vinna við hvelhettur, þegar eldur komst í hvelhettur, sem geymdar voru í vélahúsinu. Þetta hús var byggt úr timbri. Sprakk það út og slösuðust allir þeir, sem inni voru. Það voru þeir Sigurður Baldvínsson, Ingimar Finnbjörnsson og Sigurður Sv. Guðmundsson. Sigurður Baldvínsson og Ingimar Finnbjörnsson voru fluttir á sjúkrahúsið á Ísafirði, og náðu þeir sér tiltölulega fljótt, en Sigurður Sv. Guðmundsson var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Hann hlaut varanlega örorku af völdum slyssins og var blindur upp frá því.

Sigurður Baldvínsson hætti störfum hjá Hraðfrystihúsinu hf. eftir slysið og sneri sér að öðrum störfum. Ingimar Finnbjörnsson var ráðinn verkstjóri, þegar hann kom heim af sjúkrahúsinu, og gegndi hann verkstjórastörfum til ársins 1958, en þá var Halldór Pálsson ráðinn verkstjóri. Hann gegndi starfi yfirverkstjóra til ársloka 1981. Þá var Einar Garðar Hjaltason ráðinn yfirverkstjóri, en hann hafði þá gegnt starfi aðstoðarverkstjóra hjá Halldóri um tíma. Einnig gegndi Jens Hjörleifsson starfi aðstoðarverkstjóra tímabundið. Einar óskaði eftir að láta af starfi verkstjóra árið 1986 og var Sveinn Guðjónsson þá ráðinn yfirverkstjóri. Útiverkstjórar á þessu tímarskeiði hafa aðeins verið tveir: Jóakim Hjartarson og Sveinn Guðbjartsson.

Magnús Guðmundsson var vélstjóri fyrstu árin, en tók við verkstjórn í fiskimjölsvinnslunni, þegar hún tók til starfa 1954. Þá tóku við vélstjórninni Hjörtur Guðmundsson og Högni Sturlaugsson og síðar Sveinn Guðbjartsson, Karl Sigurðsson og Kristján Kristjánsson, sem hefir verið vélstjóri hússins um langt árabil.

Elías Ingimarsson lét af starfi framkvæmdastjóra Hraðfrystihússins í maí 1946 og tók við starfi sem framkvæmdastjóri. Síldarverksmiðju ríkisins á Skagatrönd. Hann hafði þá gegnt starfinu í

rúm fimm ár. Hann varð síðar yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi og fyrsti frystihússtjóri Útgerðarfélag Akureyringa hf. árið 1957.

Frá og með 1. júní 1946 var Einar Steindórsson ráðinn framkvæmdastjóri og setti stjórnin honum erindisbréf, sem að mestu leyti var samhljóða því erindisbréfi, sem hún setti Elíasi á sínum tíma. Einar Steindórsson gegndi starfi framkvæmdastjóra til ársloka 1976, en þá óskaði hann eftir að láta af störfum vegna aldurs. Hann hafði þá gegnt starfinu í rúm 30 ár og stýrt þar mikilli uppbyggingu.

Konráð Jakobsson var ráðinn skrifstofustjóri félagsins 1. október 1973. Hann tók síðan við starfi framkvæmdastjóra í ársbyrjun 1977, þegar Einar Steindórsson lét af því starfi. Hann er borinn og barnfæddur Ísafirðingur. Þegar Konráð kom til starfa hjá Hraðfrystihúsinu hf. hafði hann verið skrifstofustjóri Vélsmiðjunnar Þórs hf. og Fiskimjöls hf. á Ísafirði í tvo áratugi. Í mörg ár hafði hann annast bókhald og reikningshald fyrir útgerðir í Hnífsdal í fristundum sínum og þekkti því vel til allra hluta þar, þegar hann kom þar til starfa. Hann var framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins hf. nokkuð fram yfir það tímabil, sem þessi samantekt tekur til og gegndi á því tímabili fjölpætum störfum innan sjávarútvegsins og í samtökum hans.

Bakgrunnur þeirra Elíasar Ingimarssonar og Einars Steindórssonar var að mörgu leyti ólíkur. Elías var borinn og barnfæddur Hnífsdælingur. Hann var sonur Ingimars Bjarnasonar, bónda og skipstjóra í Fremri-Hnífsdal, sem var hreppsnefndaroddiviti og lengi í forsvari fyrir Hnífsdælinga. Elías var giftur Guðnýju, dóttur Jónasar Þorvarðarsonar, útgerðarmanns og bónda á Bakka í Hnífsdal. Hann átti því stóran og traustan frændgarð í Hnífsdal, sem hafði ráðið miklu um uppbyggingu staðarins um langt árabil. Þessu uppbyggingarstarfi hélt Elías áfram, þegar hann komst til ára. Hnífsdælingum var því nokkur vandi á

höndum, þegar Elías var skyndilega kallaður til annarra starfa og fluttist til Skagastandar og síðar Akureyrar.


Einar Steindórsson var aftur á móti aðfluttur og á því gerðu Hnífsdælingar skarpan greinarmun á þessum árum. Hann var fæddur á Leiru í Grunnnavíkurreppi, en fluttist með foreldrum sínum og systkinum til Hnífsdals, þegar hann var innan við fermingu. Fljótlega eftir að fjölskyldan frá Leiru settist að í Hnífsdal, réðst Einar sem vikapiltur til Guðmundar Sveinssonar, kaupmanns í Hnífsdal. Eftir það dvaldi hann á heimili hans og vann við atvinnurekstur hans, þar til Guðmundur lézt árið 1926. Keypti hann þá eignir hans og rak útgerð og fiskvinnslu í Hnífsdal í nokkur ár, ýmist einn eða í félagi við aðra.

Það verður ekki sagt, að sól hafi verið í fullu suðri, þegar Einar Steindórsson tók við stjórn Hraðfrystihússins hf. í Hnífsdal. Það kom í hans hlut að treysta fjárhagslegan grundvöll þess á erfiðum tímum eftirstríðsáranna og byggja

upp framtíðarrekstur þess. Í þessu starfi naut hann óskorads trausts annarra forystumanna Hnífsdælinga, sem allir sneru bókum saman í þeirri baráttu. Allt starf Einars einkenndist af hógvæð og yfirletisleysi, en á bak við lá sterkur vilji og heilsteypt skapgerð. Hann sótti mál sitt ávallt af ákveðni og lipurð, en þegar hann beitti sér, varð flest undan að láta. Lifa enn í dag ýmsar sögur um það, hvernig Einar sótti mál sitt, þegar honum þótti mikið liggja við.

Á nær þrjátíu ára starfsferli sínum, tókst Einari Steindórssyni að gera Hraðfrystihúsið hf. í Hnífsdal að traustu og öruggu fyrirtæki. Á þessum árum var hann óumdeildur héraðshöfðingi Hnífsdælinga, virtur af sveitungum sínum og samferðamönnum.

Stjórn félagsins, sem kosin var á stofnundi þess, sat óbreytt til ársins 1947. Þá gekk Elías Ingimarsson úr stjórninni, og var Jóakim Pálsson, skipstjóri, kosinn í stjórnina í hans stað. Á aðalfundi félagsins 1951 hætti Páll Pálsson í



Einar Steindórsson (1896-1982) var framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins hf. í þrjá áratugi: 1946-1976.

stjórninni, en hann hafði setið í stjórn félagsins frá stofnun þess. Í stjórn félagsins voru þá kosnir: Jóakim Pálsson, sem var kosinn formaður, Hjörtur Guðmundsson og Magnús Guðmundsson.

Þessi stjórn sat óbreytt til ársins 1967, en þá var Jóakim Hjartarson kosinn í stjórnina í stað föður síns, Hjartar Guðmundssonar, sem lézt árið áður. Árið 1969 var svo Ingimar Finnbjörnsson kosinn í stjórn í stað Magnúsar Guðmundssonar. Hann sat í stjórn félagsins til aðalfundar 1980, en þá var sonur hans, Björn Elías Ingimarsson, skipstjóri, kosinn í stjórnina. Var stjórn félagsins þannig skipuð allt til ársins 1994.



Unnið við síldarsöltun á Hnífsdalsbryggju sumarið 1954.

Framkvæmdum lokið við kirkjugarðinn

Fyrir skömmu lauk umfangsmiklum framkvæmdum við kirkjugarðinn í Hnífsdal. Verkið sem hófst í fyrrasumar er unnið eftir teikningum Péturs Jónssonar landslagsarkitekts. Þær voru unnar eftir hugmyndum Guðmundar Rafns Sigurðssonar umsjónarmanns kirkjugarða og sóknarnefndar Hnífsdalssóknar. Í garðinum var skipt um jarðveg í öllum stígum, auk þess sem aðalstígar voru hellulagðir. Steyptir veggir umhverfis garðinn voru sagaðir og í staðinn settir timburleðarar. Verktaki við þessar framkvæmdirnar var Ásel ehf. á Ísafirði auk þess



Kirkjugarðurinn í Hnífsdal. sem safnaðarbörn lögðu fram nokkra vinnu. Einnig var nýtt sáluhlið smíðað af starfsmönnum Prists hf. á Ísafirði. Ekki liggur fyrir endanlegur kostnaður en talið er að hann verði milli sex og sjö milljónir króna. – *hj@bb.is*

Tap gegn Haukum í fyrsta leik vetrarins

KFÍ tapaði fyrsta leik sínum í útvalsdeildinni í vetur er liðið tók á móti Haukum frá Hafnarfirði í íþróttahúsinu á Torfnesi á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Lokatölur leiksins voru 81-89. Á heimasíðu KFÍ segir að liðin hafi bæði sýnt góða takta. Af leiknum að dæma sé KFÍ í ágætis formi en mikið eigi eftir að finnússa. Ekki megi þó gleyma því að KFÍ sé nýbúið að fá til sín Adam Spanich, nýjan liðsmann sem sé að átta sig á liðinu. Oft er sagt að fall sé fararheill og verður spennandi að fylgjast með hvort það gildi um KFÍ í vetur. – *kristinn@bb.is*

smáar

Til sölu er Gracco ungbarnastóll. Poki og höfuðpúði fylgir með. Er nýr og mjög vel með farinn. Uppl. í síma 456 5319.

Til sölu eru 33" negl vetrardekk á felgum fyrir Land Cruiser 90. Uppl. í síma 894 3074.

Til sölu er rimlarúm og bílstóll fyrir 9-18 kg. Lítur vel út. Uppl. í síma 456 5057 og 694 7376.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78 með sérinngangi. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Til sölu er Dancall farsími í tösku. Sleði fylgir með. Upplýsingar gefur Jósef í síma 860 7442.

Spilavest verður á Flateyri á sunnudag, 19. okt. kl. 15 í húsi aldraðra, Félagsbæ. Allir velkomnir.

Ætla þú að sitja þá? Kíktu á vefslóðina www.mywgl.com. Notendanafn: Guffari.

Óska eftir sófa og frystikistu fyrir lítið eða gefins. Uppl. í símu 861 2696 eða 867 0746.

Spilavist verður í Guðmundarbrú á föstudagskvöld kl. 20. Þriggja kvöldi keppni hefst. Vegleg verðlaun. Allir velkomnir.

Til sölu er AXIS kola, 90x2 með tveimur hillum við endann. Á sama stað er til sölu vagn sem selst fyrir lítið. Upplýsingar í símu 456 7471 og 867 2965.

Til sölu er MMC Lancer árg. 88 sem þarfnast smá lagfæringar fyrir endurskoðun. Upplýsingar í síma 845 4539.

Til sölu er nýr og ónotaður Bloomberg ísskápur. Upplýsingar í síma 456 5154.

Til sölu eru nánast ný 33" extra negl snjódekk. Fást á hálfvirði. Uppl. í síma 847 8531.

Til sölu er 500 króka lína, nýr bátavagn (hentar fyrir Cleopötru eða svipaða stærð), kraftmikill háþrýstjæla, 2x12 volta DNG rúllur og 2x5000 DNG rúllur. Uppl. í síma 894 3027 og 851 1234.

Óska eftir sófasetti, ódyrt eða gefins, frystikistu eða frystiskáp og eldhússtólm. Upplýsingar í símu 861 2696 eða 456 6112.

Til sölu er lítið notaður og vel með farinn NMT sími af Maxon gerð. Verð kr. 8.000. Upplýsingar í síma 895 5326.

Ísafjarðarbær

Óskað eftir 45 milljónum í Torfnessvæðið

Eins og fram hefur komið hefur Ísafjarðarbær óskað eftir framlagi frá ríkissjóði vegna framkvæmda við íþróttasvæðið á Torfnesi. Heildarkostnaður við þær framkvæmdir er kominn í um 90 milljónir króna. Ekki var gert ráð fyrir slíkum kostnaði í fjárhagsáætlun bæjarins.

Á fundi með fjárlaganefnd Alþingis fyrir stuttu leituðu Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, og Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs, formlega eftir styrk Alþingis til framkvæmdarinnar og óskuðu eftir 45 milljón króna framlagi.

Í frumvarpi til fjárlaga er ekki gert ráð fyrir framlagi til íþróttasvæðisins á Torfnesi. Hins vegar er þar gerð tillaga um 20 milljóna króna framlag til frjálsíþróttavallar á Sauðárkróki.

– [hj@bb.is](#)



Gospelkórinn á tónleikum ásamt hljóðmeit. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Gospelkór Vestfirðar

Starfsemin að komast í fullan gang

Starfsemi Gospelkórs Vestfirðar, sem stofnaður var í byrjun síðasta árs, er nú að komast í fullan gang en æfingar hófust í síðasta mánuði. Dagana 20. til 21. nóvember er ætluin að fá tónlistarmanninn Óskar Einarsson til að halda nokkurs konar vinnubúðir með Gospelkórnum en Pálína Vagnsdóttir, stjórnandi kórsins, segir hann tvímælaust vera helsta gospelfrömuð landsins.

„Hugmyndin er að Óskar kíki til okkar og hristi hópinn aðeins saman. Hann er mjög metnaðarfullur og við lítum á hann sem nokkurs konar verndara kórsins“, segir Pálína. Þó vetrarstarfið sé hafið segir Pálína alls ekki um seinnan fyrir söngþyrsta að ganga til liðs við kórinn.

„Það er aldrei betri tími til að bæta stílinn en á haustin

þegar vetrarstarfið er að komast af stað. Þó við séum byrjuð að æfa þá er enn hægt að ná því upp. Við bjóðum bæði karl- og kvenraddir velkomnar“, segir Pálína.

Eins og fram hefur komið er Gospelkórinn tiltölulega nýlega tekinn til starfa. „Þetta er önnur önnin hjá okkur ef svo má að orði komast. Þannig er þetta ungur kór en við höfum á að skipa vöskum hópi fólks á öllum aldri og frá öllum norðanverðum Vestfjörðum“, sagði Pálína.

Gospelkórinn æfir í safnaðarheimili Bolungarvíkur milli kl. 11 og 13 á laugardögum sem er nýr tími en hingað til hefur kórinn æft frá kl. 10 til 12. Nýir félagar eru boðnir velkomnir á æfingar en framanundan er tónleikahald og margvíslegt skemmtilegt starf í vetur.

– [kristinn@bb.is](#)

Lögreglan á Ísafirði

Upplýst um dreifingu á 100 grömmum af hassi

Lögreglan á Ísafirði upplýsti í síðustu viku dreifingu á 100 gr. af hassi. Gerð var húsleit á tveimur stöðum á Ísafirði á þriðjudagskvöld og voru fjórir karlmenn handteknir. Einn þeirra viðurkenndi að hafa keypt hass af einum þeirra handteknur og var honum því sleppt að loknum yfirheyrslum.

Lögreglan telur sig hafa upplýst að einn þremminganna hafi ásamt öðrum aðila flutt 100 grömm af hassi til Ísafjarðar frá Reykjavík fyrir tæpum tveimur vikum. Þá hefur verið upplýst að umræddum fíkniefnum hafi verið dreift á Ísafirði og nágrenni undanfarnar

tvær vikur.

Lögreglan á Ísafirði sleppti þremmingunum úr haldi seint á miðvikudagskvöld en þeir höfðu verið yfirheyrðir, ásamt nokkrum einstaklingum öðrum vegna málsins í sólarhring.

Þremmingarnir viðurkenndu allir aðild sína að meðhöndlun og dreifingu þessara efna. Við húsleitirnar tvær á þriðjudag fann lögreglan það sem eftir var af umræddri fíkniefnasendingu, um 10 grömm af hassi. Þá lagði lögreglan hald á um 100.000.- krónur í peningaseðlum sem grunur leikur á að sé söluandvirði hluta fíkniefnanna.

Fræðslumiðstöð Vestfirðar

Vetrarstarfið á fulla ferð

Þessa dagana er kynningarbakklingur Fræðslumiðstöðvar Vestfirðar inn um pósthúsur Vestfirðinga þar sem vetrarstarfið er kynnt. Fjölbreytnin í starfinu er mikil og má þar sjá jafn ólík námskeið og vefforritun með ASP, harðangursaum, súpugerð, kulnun í starfi og lyfhrifafræði III.

Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfirðar segir starfsemina komna í nokkuð fastar skorður. Þó taki námskeiðin breytingum frá ári til árs. „Við erum alltaf að reyna að bjóða upp á námskeið á fleiri stöðum á Vestfirðum og í ár verða námskeið í Bolungarvík, Ísafirði, Bíldudal, Tálknafirði, Patreksfirði og Hólmavík.“

Að sögn Smára verður áherslubreying í tölvunám-

skeiðum þannig að námskeiðin verða styttri og henta því fleirum sem erfitt eiga með að binda sig til lengri tíma. Einnig fjölgar svokölluðum styrkingarnámskeiðum fyrir einstaklinga.

Smári segir að nú hafi verið samþykkt að fjarnám í hjúkrunarfræði hefjist haustið 2004. Nú þegar hafa 18 manns innritað sig í það nám. Í vetur ætla sá hópur að undirbúa sig undir námið og verður kynningarfundur í Fræðslumiðstöðinni mánudaginn 20. október. „Þangað eru allir veltilkomnir sem áhuga hafa á því námi, bæði þeir sem þegar hafa skráð sig í námið og einnig þeir sem enn hafa ekki gert upp hug sinn“, segir Smári.

Eftir áramót hefst félagsliðanám hjá Fræðslumiðstöðinni. Félagsliðanám er ætlað þeim sem vinna við umönnun

fatlaðra og aldraðra. Þetta er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi og er 72 einingar. Starfsmenn sem orðnir eru 22 ára og vinna við fagið, taka einungis faglegu námsgreinarnar og geta því lokið námi á styttri tíma.

Á næstunni lýkur námi fyrir stuðningsfulltrúa og í framhaldi af því hefst nám sem nefnist Framrás og er ætlað skrifstofufólki. Það er kennt í þremur lotum og hefst sú fyrsta 1.nóvember.

Að vanda er skipstjórnarnám í boði eða svokallað pungapróf. Það verður kennt á þremur stöðum á Vestfirðum. „Það er rétt að minna sjómenn á þessi námskeið þannig að menn hafi vaðið fyrir neðan sig. Það er of seint að ætla að skella sér á námskeið þegar halda skal úr höfn“ sagði Smári.

STAKKUR SKRIFAR

Nýtt þorskastríð?

Í síðustu viku var víkið að línuívilnun og skiptum skoðunum um fiskveiðar og með hvaða veiðitækjum mætti sækja þann afla, sem heimilt er að veiða, í sjóinn umhverfis Ísland. Nefnt var að fleiri aðferðir ættu að leyfast við veiðar smábáta, svo sem dragnót eða netaveiði. Línuúterðin væri of dýr háttur við að ná smábátafiski á land. Sé lítið til þess hve mikill afli berst á land af smábátum á Vestfjörðum og möguleikans á því að sá skipakostur skili meiru með aukinni línuívilnun, vakna spurningar um það hvort í uppsiglingu sé enn eitt þorskastríð. Íslendingar hafa lengi og oft átt í stríði við erlendar þjóðar og háð marga hildina um réttinn til þess að veiða fiskinn umhverfis Ísland sjálfir, í stað þess að horfa á útlendinga hirða arðinn af Íslandsmiðum. Þess vegna stóðum við í deilum við aðrar þjóðir um landhelgi Íslands um aldir, háðum hin svokölluðu þorskastríð og höfðum betur, síðast þegar landhelgin var færð út í 200 sjómílur 1975. Þá hafði landhelgin verið færð út tvívegis á rúmum þremur árum, í 50 sjómílur 1. september 1972 og í 200 mílur 15. október 1975, eða fyrir réttum 28 árum í dag þegar BB kemur fyrir augu lesenda.

Bretar og Þjóðverjar mótmæltu harðlega eins og gert hafði verið 1958 og 1952 og þeir síðarnefndu beittu fyrir sig herskipum til þess að geta haldið áfram veiðum innan 12 mílnanna. Sama var uppi á teningnum á áttunda áratugnum er bresk herskip sigldu á íslensku varðskipin, svo kostaði mannslíf. En niðurstaða af staðfestu Íslendinga varð sú, að 200 mílna landhelgin er hin almenna regla í heiminum. Útlendingar veiða ekki innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar nema að hafa gert

um það samninga við íslensku ríkisstjórnina. Þeir sem hafa komið til breskra hafnarborga eins og Hull og Grimsby átta sig skjótt á því hve gríðarleg áhrif stækkuð landhelgi Íslands hafði á efnahag fólks og atvinnulíf í Englandi og Skotlandi. Sjómenn misstu atvinnuna og hagkerfið dróst saman. Það eru ekki Íslendingar einir sem strítt hafa við afleiðingar minnkandi sjávaraflla fyrir byggðir landsins. Ef til vill mætti margt af Bretum læra þegar tekist er á við afleiðingarnar.

Það sem hins vegar virðist í uppsiglingu nú er innbyrðis stríð Íslendinga um réttinn til að nýta íslensk fiskimið. Ef grannr er skoðað er ljóst að undirtönninn er alvarlegur, einstaklinga greinir á, byggðir standa andspenir hver annarri, fyrirtæki sömuleiðis og sveitarstjórnarmenn senda Alþingi og ríkisstjórn tönninn. Enn erum við kominn að vandkvæðunum við að deila út takmörkuðum gæðum svo öllum líki. Margir vilja álíta kvótakerfið hinn eina sökudólg í þessum efnunum. Um fátt hefur verið deilt meira síðustu árin en fiskveiðistjórnun. Í umræðunni hefur gleymst að skoða hvort og þá hvernig unnt er að takmarka veraldleg gæði svo allir verði ánægðir. Enn hefur það hvergi tekist í heiminum. Ekkert stjórnkerfi mun ráða við mannlega óánægju vegna misskiptra gæða. Það væri á hinn bóginn afar slæmt og illviðráðanlegt, ef svo tækist til að fyrsta stríð Íslendinga á nýrri öld yrði innbyrðis þorskastríð, sem einungis mun leiða ógæfu yfir þjóðina alla og nánast er víst að vandi landsbyggðarinnar leysist ekki. Alþingis og reyndar sveitarstjórnarmanna bíður erfitt verk, sem er að ná sátt um leið til að nýta auðlindina. Það er hægara sagt en gert, en bráðnaðsynlegt.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Bókhlaðan-Penninn á Ísafirði

Liðlega áttæð verslun byrjar viðskipti á Netinu

Bókhlaðan-Penninn á Ísafirði hefur opnað heimasíðu (www.bokhladan.is) þar sem viðskiptavinir geta kynnt sér vöru- og þjónustuframboð verslunarinnar. Auk þess er hægt að senda þar í gegn myndir í netframköllun og panta vörur frá netverslun. Jónas Tómasson tónskáld og organisti á Ísafirði hóf rekstur Bókhlaðunnar árið 1920 undir nafninu Bókaverslun Jónasar Tómassonar. Bókhlaðan er því vel rúmlega áttæð en stígur nú sín fyrstu skref á Netinu.

Jónas Gunnlaugsson, sonarsonur Jónasar Tómassonar, er nú við stjórnvölinn hjá Bókhlaðunni. Hann segir að ætlunin sé að kynna tilboð og nýjungar á heimasíðunni en viðskiptavinir geti einnig fengið aðgang að netverslun. „Þar njótum við samstarfsins við Pennann. Viðskiptavinir okkar fara inn á þeirra netverslun en pantanirnar eru afgreiddar frá Bókhlaðunni. Þetta mun auðvelda fyrirtækjum innkaup á hvers kyns rekstrarvörum“, segir Jónas.

Með tilkomu heimasíðunnar er boðið upp á svokallaða netframköllun sem er nýjung. „Netframköllunin er lyklatríði í þeirri þróun sem á sér stað í ljósmyndageiranum með tilkomu stafrænnar myndavéla. Fólk hleður niður sérstöku forriti af heimasíðunni okkar sem gerir því kleift að senda til okkar myndir í framköllun. Þá er hægt að velja í hvaða stærð myndirnar eru prentaðar og hvort fólk sækir þær eða fær sendar heim til sín í pósti. Með forritinu er hægt að laga myndirnar að pappírsstærðinni en auk þess varar það við ef myndirnar eru ekki í nógu góðri upplausn


fyrir útprentun“, segir Jónas.

Hann á von á hraðri þróun í framköllun stafrænnar mynda á næstu árum. „Nú getur fólk á ferðalögum t.d. komið hingað til að afhlaða stafrænar myndavélar. Þá getur það bæði fengið myndirnar útprentaðar og sendar heim í tölvu. Þessi þjónusta á eftir að fá sjálfvirk viðmót og verða nýtt í auknum mæli.“

Magnús Hávarðarson hjá Netheimum ehf. á Ísafirði bjó

til heimasíðuna fyrir BJT. Jónas segir mikinn hag af því að fá verkið unnið í heimabyggð. „Þó að Internetið bjóði upp á þá möguleika að hægt sé að inna þessa vinnu af hendi hvar sem er í heiminum, þá eru beinu samskiptin alltaf mikilvæg. Ef einhverjar breytingar eða lagfæringar standa fyrir dyrum, þá þarf ekki að ganga nema nokkra metra til að ræða við hönnuðinn“, sagði Jónas.

– kristinn@bb.is



Jónas Gunnlaugsson hjá Bókhlaðunni-Pennanum og Magnús Hávarðarson hjá Netheimum.



Ísafjarðarbær

Óska eftir styrkjum

Fyrir skömmu auglýsti umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar styrki til umhverfismála í bæjarfélaginu. Á síðasta fundi nefndarinnar voru eftirfarandi styrkbeiðnir kynntar:

Gunnþórunn Friðriksdóttir óskar eftir styrk til niðurrifs og urðunar útihúsa að Lækjarósi í Dýrafirði.

Jón Friðrik Jóhannsson óskar m.a. styrks til tjaldstæðagerðar, uppsetningar á hreinlætisaðstöðu og göngustígagerðar í Grunnavík.

Lilja Rafney Magnúsdóttir óskar eftir styrk til uppsetningar á bekkjum og ruslafötum við enda flugbrautarinnar á Suðureyri. Þá óskuðu Skógræktarfélagið og Snorri Grímsson eftir styrkjum.

Við erum öðruvísi af því að þið eruð öðruvísi

Öll eigum við ólíka fjölskyldu. Gæluðyr eru hluti af fjölskyldu margra og því bjóur TM nú upp á Gæluðyratryggingu sem hluta af TM-Öryggi til þess að allir í fjölskyldunni geti verið vel tryggðir.

Hafðu samband við nálgjafa okkar, segðu þeim frá þínu lífi og þeir aðstoða þig við að tryggja þig og þína elns og þér hentar með TM-Öryggi.



ÖRYGGI

TM LIMBODI • HAFNASTRÆÐI 7 • 400 ÍSAFJÖRDUR • Sími 450 5200 • www.tm.is

helgar

Sjónvarp • veður • skemmtanir • íþróttir • fólk • fréttir • kirkjustarf

dagbókin

veðrið

Horfur á fimmtudag: Suðaustan og sunnan 3-8 m/s. Skýjað og súld eða rigning með köflum, en léttir til norðanlands þegar líður á daginn. Hiti yfirleitt á bilinu 8 til 15 stig.

Horfur á föstudag: Hæg austlæg eða breytileg átt. Súld öðru hverju austanlands og með suðurströndinni, en annars skýjað með köflum.

sportið

Sjónvarpið:
Laugardagur 18. október:
Kl. 13:25 – Bein útsending frá leik í þýsku úrvalsdeildinni. Leikur óákveðinn
Kl. 15:50 – Evrópukeppnin í handbolta: Sínt beint frá leik HK og Stepan frá St. Pétursborg.

Sýn:
Miðvikudagur 15. október:
Kl. 18:45 – UEFA CUP: Liverpool – Olimpija
Laugardagur 18. október:
Kl. 10:50 – Enski boltinn: Leeds – Man. Utd.
Kl. 13:00 – Meistaradeildin í handbolta: Magdeburg – Haukar
Kl. 17:20 – Spænski boltinn: Celta de Vigo – Real Madrid
Sunnudagur 19. október:
Kl. 12:45 – Enski boltinn: Leicester – Tottenham.
Kl. 14:50 – Enski boltinn: Everton – Southampton
Mánudagur 20. október:
Kl. 18:50 – Enski boltinn: Blackburn Rovers – Charlton Athletic
Priðjudagur 21. október:
Kl. 18:30 – Meistaradeild Evrópu: Bein útsending frá leik Juventus og

Horfur á laugardag: Hæg austlæg eða breytileg átt. Súld öðru hverju austanlands og með suðurströndinni, en annars skýjað með köflum. Kólnar heldur í veðri.

Horfur á sunnudag: Norðaustlæg átt og skúr eða slydduél, en bjartviðri suðvestan og vestanlands. Kólandi veður.

Horfur á mánudag: Norðaustlæg átt og skúr en bjartviðri suðvestan og vestanlands.

Real Sociedad
Kl. 20:40 – Meistaradeild Evrópu: Útsending frá leik Deportivo La Coruna og Mónakó
Miðvikudagur 22. október:
Kl. 18:30 – Meistaradeild Evrópu: Bein útsending frá leik Rangers og Manchester United.
Kl. 20:40 – Útsending frá leik Chelsea og Lazio.

Stöð 2:
Laugardagur 18. október:
Kl. 13:45 – Enski boltinn: Arsenal – Chelsea.
Canal+ Norge:
Laugardagur 18. október:
Kl. 12:00 – Enski boltinn: Leeds – Man.Utd..
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Arsenal – Chelsea
Sunnudagur 19. október:
Kl. 13:00 – Norski boltinn: Odd Grenland – Lyn
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Everton – Southampton

Canal+ Zap:
Laugardagur 18. október:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Portsmouth – Liverpool.

Canal+ Bla:
Laugardagur 18. október:
Kl. 18:30 – Ítalski boltinn: Ancona – Juventus.



www.ruv.is

Sjónvarpið

Föstudagur 17. október

16.35 At
17.05 Leidarljós
17.50 Tákunnalsfréttir
18.00 Anna í Grænuhlíð (13:26)
18.30 Snjallur lausnir (9:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Sjónverfingar. (Now You See Him, Now You Don't) Evintrýamynd frá 1972. Efnaræðnemi finnur upp úða sem gerir fólk ósýnilegt. Böfi kemst að því og setlar sér að komast yfir uppfirringuna. *Adalhlutverk: Kurt Russell og Cesar Romero.*
21.40 Af fingrum fram. Jón Ólafsson ræðir við Herbert Guðmundsson söngvara, bregður upp svipmyndum frá ferli hans og tekur með honum lagið.
22.25 Blekkingarleikur. (Sweet Deception) Spennumynd frá 1998. Kona kemur að manninum látnum og er sökudó um að hafa myrt hann. Hún flýr úr fangelsi en verður að finna morðingjann til að geta sannað sakleysi sitt. *Adalhlutverk leika Kate Jackson, Joanna Pacula, Joan Collins, Jack Scalia og Rob Stewart.*
00.00 Meijamissir. (Virgin Suicides) Bandarísk bólmýnd frá 2000 um fimm dularfullar systur og menn sem hrifust af þeim á unglingarárum á áttunda áratugnum og velta fyrir sér aðfrifum þeirra 20 árum seinna. *Meðal leikenda eru James Woods, Kathleen Turner, Kirsten Dunst, Josh Hartnett, Michael Paré, Scott Glenn, Danny DeVito, A.J. Cook, Hanna R. Hall, Leslie Hayman og Chelsea Swain.*
01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 18. október

09.00 Morgunstudinn okkar
09.02 Tommi togvagn (16:26)
09.09 Bubbli bygdir (9:39)
09.20 Albertina ballerína (38:39)
09.35 Strákurinn (2:6)
09.45 Villi spæta (1:26)
10.07 Frækni ferðalangar (7:26)
10.30 Orkuboltinn (3:8)
10.55 At
11.25 Kastljósið
11.50 Geimskipið Enterprise (5:26)
12.35 Raspútín
13.25 Þýski fíðboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
15.30 Handboltakvöld
15.50 Evrópukeppnin í handbolta. Bein útsending frá síðari leik *HK og Stepan* frá Sankti Pétursborg í EHF-keppninni sem fram fer í Digraanesi.
18.00 Tákunnalsfréttir
18.10 Enn og aftur (15:19)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.30 Spaugstofan
21.00 Öargadýr. (Fierce Creatures) Gamannmynd frá 1997. Allt fer í bál og brand þegar stórfyrirtæki kaupir skemmtigarð og dýragarð og hyggst reka þá með nýstárleiki síni. *Adalhlutverk leika John Cleese, Jamie Lee Curtis, Kevin Kline, Robert Lindsay og Michael Palin.*
22.35 Á bláþræði. (The Thin Red Line) Stríðsmynd frá 1998. Myndin gerist árið 1943 og segir frá bandarískum hermönnum sem eiga að brjóta niður andstöðu Japaná á eyinni Guadalcanal í Suður-Kýrrahafi. *Meðal leikenda eru Sean Penn, George Clooney, John Cusack, Woody Harrelson og Nick Nolte.*
01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

www.stod2.is

Föstudagur 17. október

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í þý formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í þý formi
12.40 Reba (22:22)
13.00 Jag (18:25)
13.45 Amazing Race (7:13)
14.30 60 Minutes II
15.15 Dawson's Creek (10:24)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.15 Neighbours
17.45 Dark Angel (18:21)
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Ísland í dag
20.00 The Simpsons (16:22)
20.30 Idol-Stjörnuleit. Leitin að næstu poppstjörnu Íslands er í fullum gangi. Margir efnilegir söngvarar eru komnir fram á sjónarsviðið en aðeins einn mun hrósa sigri. Fram undan er hörskipennandi keppni sem verður sífellt skemmtilegri.
21.20 Bernie Mac (16:22)

Stóra tækifærið

Stóra tækifærið, eða Showtime, er hasargamanmynd frá árinu 2002 sem Stöð 2 sýnir kl. 21:45 á laugardagskvöld. Mitch er rannsóknarlögreglan af gamla skólanum er starfið er honum allt. Trey Sellers er algjör andstæða hans. Hann gekk í lögregluna á meðan hann beið eftir stóra tækifærinu í leiklistinni. Örlögin hafa leitt þá saman og nú eru þeir vinnufélagar í sjónvarpsþætti sem á að sýna lögreglustarfið eins og það er í raun og veru. Seint verður sagt að samstarf nýju félaganaga gangi áfallalaust. Adalhlutverk leika félagarnir Robert De Niro og Eddie Murphy.

21.45 The Osbournes (21:30)
22.15 Övissubí Stöðvar 2
23.55 About Adam. (Meiri kallinn) Gamannmynd um ástármál í hndt. Við fyrstu sýn virðist Adam hafa allt til að bera sem þrýða má góðan mann. Það er því ekkert skrytið þegar Lucy kolfellur fyrir honum. Hún kynir hann fyrir fjölskyldu sinni sem er himinlifandi. Þetta er eiginlega of gott til að vera satt og auðvitað kemur það líka á daginn. *Adalhlutverk: Stuart Townsend, Frances O'Connor, Charlotte Bradley, Kate Hudson*
01.30 Halloween H20. (Aftur á hrekkjavöku) Laurie Strode úr Halloween 1 og 2 er nú skólastjóri við virtan einkaskóla þar sem sonur hennar er við nám. Þegar tuttugu ár eru liðin frá skelfingum sem sagt var frá í Halloween 1 tekur hún að fá siendurteknar matriðir um að Michael Myers, bróðir hennar, komi og drepi hana. Á hrekkjavökuinni lætur Myers sjá sig og nú verður ekki komist hjá uppgjöri milli systkinanna. *Adalhlutverk: Jamie Lee Curtis, Adam Arkin.*
02.55 Gideon. Gideon Webber er fullorðinn maður með andlegan þroska á við barn. Þegar frænka hans giftist á ný, getur hún ekki lengur séð um hann og kemur Gideon fyrir á elihelimi. Þar hittir Gideon fyrir gamalmenni sem eru búin að tapa lífsgeðinni og þíða þess eins að komast yfir móðuna miklu. Gideon hjálpar fólkinu að finna lífsneistann á ný með einfaldri sýn sinni á lífið og kennir þeim að hver dagur er guðsgjöf sem ber að meta að verðleikum. *Adalhlutverk: Charleyn Heston, Christopher Lambert, Shirley Jones, Carroll O'Connor.*
04.40 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 18. október

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 Alvin and the Chipmunks
11.15 Yu Gi Oh (47:48)
11.40 Bold and the Beautiful
13.20 Football Week UK
13.45 Enski boltinn
16.10 Diana Krall - Live in Paris
17.15 Sjálfstætt fólk
17.45 Oprah Winfrey
18.30 Friends (4:23)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Friends (5:23) (Vinir) Gengið hefur ákveðið að koma saman á fimnum veitingastað til að halda upp á afmæli Phoebe, en Joey og Phoebe seinkar af ýmsum misskennilegum ástæðum og þau Joey eiga í erfiðleikum með að halda þessu fina borði á staðnum.
20.00 40 Days and 40 Nights. (Fjórutíu dagar og nætur) Rómántísk gamannmynd. Matt er í sárum eftir að kerastan sagði honum upp. Í framhaldinu strengir hann þess heit að næstu 40 sólarhringa verði kynlíf á bannlista. Engar undantekningar eru leyfðar en málið vandast þegar Matt kynnist stúlku og verður yfir sig ástfanginn. *Adalhlutverk: Josh Hartnett, Shannon Sossamon, Paulo Costanzo.*
21.45 Showtime. (Stóra tækifærið) Hasargamanmynd. Mitch Preston er rannsóknarlögregla af gamla skólanum en starfið er honum allt. Trey Sellers er algjör andstæða hans. Trey gekk í lögguna svona rétt á meðan beiðir var eftir stóra tækifærinu í leiklistinni. Örlögin hafa leitt þá saman og nú eru þeir vinnufélagar í sjónvarpsþætti sem á að sýna lögreglustarfið eins og það er í raun og veru. Seint verður sagt að samstarf nýju félaganaga gangi áfallalaust. *Adalhlutverk: Robert De Niro, Eddie Murphy, Rene Russo.*
23.25 The Wedding Planner. (Brúkaupspjón) Stórskemmtileg rómántísk gamannmynd um Mary Fiore sem vinnur við að skipuleggja brúkaupsevislur. Hún

www.syn.is

Föstudagur 17. október

18.00 Olíissport
18.30 Trans World Sport
19.30 Football Week UK
20.00 Gillette-sportpakinn
21.00 Allt af boltanum
21.00 UEFA Champions League
21.30 Fastrax 2002
22.00 Motorsport 2003. Ítarleg umfjöllun um íslenskar áktursíðróttir.
22.30 All the right moves. (Dúddarengur) Þetta er ein af fyrstu myndum stórstirnissins Tom Cruise en hér fer hann með hlutverk ungs manns sem dreymir um að verða verkfræðingur. Þaðir hans og bróðir eru báðir númerkamenn og eina leið hans til að komast í háskóla er að fá skólastyrk úr á hæfni sína í fíflsetlu. *Adalhlutverk: Tom Cruise, Craig T. Nelson, Lea Thompson, Christopher Penn.*
00.00 I...Dog...Rabbit. (A glastigum) Gleppamynd. Johnnie Cooper sat inni fyrir vopnað rán en þaðir hans og bróðir tóku þátt í gleppum. Johnnie er nú frjáls maður en á eftir með að ná föfustu þrátt fyrir áætlan vilja. Bróðir hans er hins vegar enn þá á hálum ís og vill ólmur fá Johnnie til að taka upp fyrri iðu. *Adalhlutverk: Matthew Modine, John Hurt, Kevin J. O'Connor.*
01.45 Lawful Entry. Erótísk kvikmynd.
03.10 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 18. október

13.30 Allt af boltanum
14.00 Fastrax 2002
14.30 Íslandsmótíð í Galaxy Fitness. Útsending frá Íslandsmótinu í Galaxy

afrennshinn.com

Hvað er að ske? Á helginni

16. okt. - 20. okt.



Bad Boys II

Þeir eru mættir aftur - Will Smith
Martin Lawrence, leikstjórnir
Michael Bay og framleiðandinn
Jerry Bruckheimer. Útkoman er
einföld - pottpétt skemmtun frá
fyrstu mínútu.

Sunnudag kl 9
(eftir leik Kfi)

Mánudag kl 8

Bönnuð
innan
16



The Italian Job

35 milljóna vörð af gullstingum ræst
í vel skipulögðu ræni. Eins vandamálit
er að einn ár hópunum er svikari sem
kleypst á brott með fenginn. Þá er sett
upp snúðaríform til að fá gullið aftur.

Mark Wahlberg og Edward Norton
í sjóðheftri spennunumynd

Fimmtudag kl 8
Föstudag kl 8

Alþjóðleg
framfarir
1.0



Hljómsveitin
GABRIEL
Á laugardagskvöld



Gabriel

Fitness, hreysti, sem haldið var í Smára-
lind í fyrra. Þess má geta að Íslandsmtótið
2003 verður haldið 8. nóvember nk.
17.00 Enski boltinn. Útsending frá leik
í úrvalsdeildinni sem fram fór síðdegis.

18.54 Lottó
19.00 Jose Maria Olazabal
19.25 Spænski boltinn. Bein útsending.
00.05 Inferno. (Eldhaf) Hasarmynd.
Stríðskempan Eddie Lomax er orðinn
þreytt á lífinu. Hann verður fyrir barðinu
á nokkrum hörkutólum og það fær hann
til að hugsa sinn gang. Eddie fyllist reiði
og ákveður að kenna hörkutólunum eftir-
minnilega lexíu. *Aðalhlutverk: Jean
Claude Van Damme, Pat Morita, Danny
Trejo.*
01.40 Long Story Short. Erótísk kvik-
mynd.
02.55 Dagskrárlok og skjáleikur
Sunnudagur 19. október

11.30 Boltinn með Guðna Bergs
12.45 Enski boltinn. Bein útsending frá
leik *Leicester City og Tottenham.*
14.50 Enski boltinn. Bein útsending frá
leik *Everton og Southampton.*
17.00 Golfstjarnan David Duval
17.30 Golfstjarnan Ernie Els
18.00 European PGA Tour 2003
19.00 Juan Manuel Marques - Licona.
Útsending frá hnefaleikakeppni. Á meðal
þeirra sem mætast eru fjaðurvigtarkapp-
arnir Juan Manuel Marques og Marcos
Licona. Áður á dagskrá 18. október 2003.
21.00 Boltinn með Guðna Bergs
22.30 UEFA Champions League
23.00 Enski boltinn (E)
00.40 One Man's Hero. (*Hetjusaða*)
Dramatísk kvikmynd um írsku innflyt-
endur sem mæta fördum í bandaríska
hernum á 19. öld. Foringi Íranna er John
Riley en þetta er saga hans. Riley og fé-
lagar flyðu til Mexíkó en þar tók ekkert
betra við og Írarnir áttu í útistöðum við
yfirvöld í þaðum löndum. *Aðalhlutverk:*
Tom Berenger, Joaquim De Almeida,
Daniela Romo.
02.40 Dagskrárlok og skjáleikur

www.s1.is

Föstudagur 17. október

17:30 Dr. Phil McGraw
18:30 Poppunktur (e)
19:30 Malcolm in the Middle

20:00 Grounded for Life. Finnerty
fjölskyldan er langt frá því að vera venju-
leg en hjónin Sean og Claudia gera sitt
besta til að gera börnin sín þrjú að heið-
virðum borgurum með aðstoð misjafn-
lega óháfra ættingja sína...
20:30 According to Jim
21:00 Meet my Folks
22:00 Djúpa laugin
23:00 Malcolm in the Middle
23:30 The King of Queens (e)
00:00 CSI: Miami (e)
00:50 Dragnet (e)
01:40 Dr. Phil McGraw (e)

Laugardagur 18. október

12:30 Jay Leno (e)
13:15 Jay Leno (e)
14:00 Maður á mann (e) Sigmundur
Ernir Rúnarsson er einn reyndasti og
fjölefasti fjölmiðlamaður landsins og
kemur sterkur til leiks á SKJAEINUM.
Maður á mann er beinskeittur viðtals-
þáttur þar sem Sigmundur Ernir fær til
sín þjóðþekta einstaklinga í ítarlega
yfirheyrslu um líf þeirra og störf, viðhorf
og skoðanir. Með hnitmiðunum innslög-
um kafar hann dýpra en gert í „venjuleg-
um“ viðtalsþáttum og sýnir áhorfendum
nýjar hliðar af gestum þáttarins með
aðstoð vina og fjölskyldu viðmæland-
ans. Ekki búast við drottningarviðtölum,
silkihanskarnir verða hvergi sjáanlegir
og Sigmundur Ernir hvergi banginn.
15:00 Dragnet (e)
16:00 Djúpa laugin (e) Undanfarin tvö
ár hefur verið auglýst eftir nýju um-
sjónarfolki hins sýnsæla stefnumóta-
þáttar með fráberum árangri. Nokkur
þór hafa fengið að spreyta sig í beinni
útsendingu og í sumar brá svo við að
ómögulegt var að gera upp á milli
þriggja efnilægra stjórna! Það verða
því þrír sundlaugarverðir sem skiptast á
að stefna fólki á óvissustefnumót í beinni
útsendingu í vetur og markmiðið er að
búa til fleiri börn!
17:00 Survivor - Pearl Islands (e)
18:00 Fólk - með Sirry (e) Fólk með
Sirry verður á sínum stað í vetur og fjöl-
breyttur sem aldrei fyrr. Þátturinn hefur
fest sig í sessi sem einn vinsælasti vett-
vangur líflegrar umræðu um málefni
líðandi stundar, enda er Fólk ekkert
mannlegt óvðikomandi.
19:00 According to Jim (e) Jim Bel-
ushi fer með hlutverk hins nánast óþol-
andi Jims og gerir það með stæl. Ekkert
virðist liggja vel fyrir Jim en þrátt fyrir
það hefur honum á undraverðan hátt



„Kínasvið“ og fleiri óðýrir en góðir réttir

Við ákváðum að breyta aðeins til frá þeim uppskriftum
sem verið hafa undanfarnar vikur. Hér fylgja nokkrir einfaldir
og óðýrir réttir. Þetta er uppskriftir sem við höfum búið til út
frá því hráefni sem hefur verið til á heimilinu hverju sinni.
Óhætt er að segja að hráefnið komi úr mörgum áttum og
mætti því gjarnan kalla þetta „fusion-matargerð“ á finu
kokkamáli.

- sletta af hvítlauksolíu
- 2 tsk balsamic edik
- 1 laukur
- 6-8 sveppir
- 2 gulrætur
- 500 g svínagúllas
- kebab krydd
- kínverskt hvítlauskrydd
- salt og pipar
- 2 dl barbeque sósa
- 5 msk plómusósa
- 1½ msk ostrusósa
- ½ dl soyasósa
- ½ dós sýrður rjómi

Skerið laukinn niður og steikið í hvítlauksolíu og balsamic
ediki Sneiðið sveppi og gulrætur og bætið á pönnuna. Stekið
svínagúllas með grænmetinu og kryddið með kebab kryddi,
hvítlauskryddi, salti og pipar. Leyfið hráefninu að krauma
aðeins á pönnunni. Barbeque-, plómu, ostru- og soyasósunum
er hrært út á pönnuna ásamt sýrða rjómanum.

Látið þetta krauma á pönnunni í u.þ.b. 10-15 mínútur.
Berið fram með hrísgrjónum og brauði.

Mánudagsfátækt

- olía til steikingar
- 1 laukur
- 500 g hakk
- Salt, pipar og kínverskt hvítlauskrydd
- 2 gulrætur
- 6-8 sveppir
- vatn
- lítil dós tómatur
- 2-3 tsk kjótkraftur
- 1-2 dós sýrður rjómi
- 2 msk plómusósa
- 1 msk ostrusósa
- sósulitur
- Maizena sósujafnari

Setjið olíu á pönnu og steikið saxaðan laukinn og hakkið

tekist að koma sér upp gleislegri konu og
myndarlegum börnum.
19:30 The King of Queens (e)
20:00 Malcolm in the Middle
20:30 Everybody Loves Raymond
21:00 Poppunktur
22:00 Keen Eddie (e) Spæjarinn Eddie
er gerður útlægur frá starfi sínu í Banda-
ríkjunum og sendur í til starfa í Bretlandi.
Þar lendir hann í hremmingum af ýmsum
toga og fær tækifæri til að sína ótvíræða
háfileika sína til rannsóknarstarfa. Banda-
risk spennna og breskur húmor!
22:50 The Bachelor 3 (e)
23:40 Meet my Folks (e)
00:50 Law & Order (e) Bandarískir
sakamálalættir með New York sem sögu-
svið. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutan-
um er fylgst með lögregluöðnum við
rannsókn mála og er þar hinn gamalreyndi
Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni
hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem
hinn meintu sakamenn eru söttir til saka
af einvalaliði saksóknara en oft gengur
jafn bröslulega að koma hinum grunuðu
í fangelsi og að handsama þá.

Sunnudagur 19. október

12:30 Jay Leno (e)
13:15 Jay Leno (e)
14:00 Dateline (e) Dateline er margverð-
launaður, fréttaskýringaþáttur á dagskrá
NBC sjónvarpsstöðvarinnar í Bandarík-
junum. Þættirnir hafa unnið til fjölda við-
urkenninga og eru nær alltaf á topp 20
listanum í Bandaríkjunum yfir áhorf í
sjónvarpi.
15:00 Queer eye for the Straight Guy

SÆLKERAR VIKUNNAR

ERU ÓLÖF HILDUR GÍSLADÓTTIR OG
SIGFÚS RÓBERT SIGFÚSSON Á ÍSAFIRÐI



saman. Kryddið með salti, pipar og hvítlauskryddi. Skerið
gulrætur og sveppi niður og bætið á pönnuna ásamt tómatur
og kjótkrafti. Bætið við vatni þannig að rétt fljóti yfir
hráefnið á pönnunni. Setjið sýrðan rjóma, plómusósu og
ostrusósu saman við. Látið sjóða niður í u.þ.b. 10 mínútur.
Þykkið með sósujafnara og dekkið með sósulit. Berið
fram með nýpupteiknum kartöflum soðnum með salti.

Fiskur bakaður í álpappír

Leggið roðlaust þorsflak á álpappír. Saltið og kryddið
með sítrónupipar og season all. Lokið álpappírnum.

Einnig er gott að salta fiskinn, smyrja með hvítlauskmauki
og dreifa síðan söxuðum svörtum ólífum yfir. Með sama
hætti má salta flakið og bera á olíu af Sacla sveppum.
Kryddið síðan með ítölsku sjávarréttakryddi frá Pottagöldr-
um og raðið nokkrum af Sacla sveppunum ofan á.

Með þessu er gott að bera hrísgrjón sem eru soðin í vatni
með smávægis olíu af sveppunum. Þegar þau er nær soðin
bætið þá út í ½ dós af Sacla sveppum og saltið.

Sósa fyrir fiskinn

- 3 kúfaðar tsk majónes
- 3 tsk rjómaostur
- Olía af Sacla sveppum
- ½ dós af Sacla sveppum
- sletta af sætu frönsku sinnepi
- 2 tsk kjótkraftur
- 2 tsk rífsberjasulta
- 5 saxaðar svartar ólífur
- mjólkurdreitill
- sósuþykkni
- Vatn eftir þörfum

Blandið öllu hráefninu saman í pott og hrærið þar til sósan
er orðin heit og góð.
*Við skorum á Guðbjörgu K Ólafsdóttur, Hjalta Þórðarson
og Aðalheiði Báru Hjaltadóttur á Ísafirði.*



afmæli

spurningin

**Eiga stjórnvöld
að grípa til
aðgerða vegna
stöðunnar á
Bíldudal?**

Alls svöruðu 370.
Já sögðu 266 eða 72%
Nei sögðu 78 eða 21%
Veit ekki sögðu 26 eða 7%

Í tilefni af 60 ára afmæli
mínu 15. október, tókum
við hjónin á móti ættingi-
um, vinum og velunnurum
í sal frímúrara, laugardag-
inn 18. október frá kl. 17.
Óli M. Lúðvíksson,
Guðrún Þórðardóttir.

Framlög til Vestfjarða vegna lækkunar fasteignagjalda 153,7 milljónir króna

Stærsta framlagið 72,7 milljónir króna til Ísafjarðarbæjar

Á föstudag greindi félagsmálaráðuneytið frá því að komin væri niðurstaða í útreikning á framlögum til sveitarfélaga til jöfnunar tekjutaps þeirra vegna lækkunar tekna af fasteignagjöldum sem kom til þegar álagningarstofnum var breytt á árinu 2000. Alls koma 153,7 milljónir króna til sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hæsta framlagið, 72,7 milljónir króna, fer til Ísafjarðarbæjar en það lægsta, rúm 1,1

milljón króna, til Bæjarhrepps. Félagsmálaráðherra féllst á tillögu rágjafarnefndar að úthlutun framlaganna. Heildarúthlutun framlaganna í ár nemur 1.437 milljónum króna. Framlög til Vestfjarða nema 153,7 milljónum króna. Stærsta framlagið er til Ísafjarðarbæjar 72,7 milljónir. Vesturbyggð fær tæpar 28 milljónir, Bolungarvík 17,4 milljónir, Súðavíkurhreppur 8,6 milljónir, Hólmavíkurhreppur 7,2

milljónir, Reykhólahreppur 6,8 milljónir, Tálknafjarðarhreppur 5,4 milljónir, Árneshreppur 2,5 milljónir, Kaldrananeshreppur 2,2 milljónir, Broddaneshreppur 1,3 milljónir og minnst kemur eins og áður sagði í hlut Bæjarhrepps á Ströndum eða 1,1 milljón króna. Úthlutun þessi var í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir þetta ár.

– hj@bb.is



Stærsta framlagið er til Ísafjarðarbæjar 72,7 milljónir.

Verktakafyrirtækið Kubbur ehf. á Grænagarði á Ísafirði

Festir kaup á risagröfu til notkunar við leiðigarðinn

Verktakafyrirtækið Kubbur ehf. á Ísafirði fékk í síðustu viku afhenta nýja ríflega 60 tonna Hitachi-gröfu. Ætlunin er að nota hana í framkvæmdum við leiðigarð vegna ofanflóða sem verið er að byggja undir Seljalandsmúla á Ísafirði.

Ásmundur Guðnason og Pétur Ingason frá Íshlutum í Reykjavík, sem flytur gröfuna inn, afhentu þeim Sævari Óla Hjörvarssyni og Stíg Arnórssyni hjá Kubbi gröfuna uppi á garðinum. Að sögn Sævars kostar hún um 35 milljónir. Fyrir átti Kubbur 50 tonna gröfu, sem þykir hafa gefið



Ásmundur, Sævar Óli, Stígur og Pétur handsala gröfuvíðskiptin.

góða raun, auk minni véla. „Þetta er mest grjótt sem við erum að vinna með í garðinum

og þessar stóru eru langbestar í það. Þetta er líka það mikið efnismagn í þessu verki að

ekki veitir af“, sagði Sævar Hjörvarsson.

– kristinn@bb.is

Hætta á skriðuföllum úr Gleiðarhjalla og á Suðureyri

Hyggjast sprengja grjót

Hætta á aurrennsli og grjóthruni úr Gleiðarhjalla ofan byggðar á Ísafirði var til umræðu á fundi almennavarnarnefndar Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu. Einnig var fjallað um hættu af sömu ástæðum á Suðureyri. Rædd-

ir voru möguleikar á aðgerðum til þess að draga úr hættu af slíku. Oddur Pétursson snjóflóðaeftirlitsmaður kom á fundinn og gerði grein fyrir aðgerðum sem áður hefur verið gripið til.

Nefndin samþykkti að

leggja til við bæjarstjórn að ráðist verði í aðgerðir með stuðningi Ofanflóðasjóðs til að minnka grjóthrun úr Gleiðarhjalla. Í því sambandi benti nefndin á, að 20 ár væru liðin síðan grjót var sprengt á Gleiðarhjalla. Slíkt er gert til að

losa niður grjót sem hætta er á að fari af stað, einkum í leysingum.

Jafnframt leggur nefndin til við bæjarstjórn, að farið verði í svipaðar aðgerðir ofan byggðarinnar á Suðureyri.

– hj@bb.is



Grafan er mikið ferlíki.

Piltur á leiðinni til Ísafjarðar

Tekinn með fíkniefni falin í bifreið

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði undir kvöld á föstudag, pilt á níjtjándra ári í Álftafirði við Djúp. Hann var einn í bifreið sinni á leið frá höfuðborgarsvæðinu til Ísafjarðar. Pilturinn hefur komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnamisferlis og lék grunur á að hann væri með fíkniefni í fórum sínum. Sá grunur reyndist á rökum reistur þegar fíkniefnaleitarhundurinn Dofri fann um 4 grömm af hassi

falin í innréttingu bifreiðarinnar.

Lögreglan á Ísafirði hyggst halda ótrauð áfram að hafa gott eftirlit með hugsanlegri meðhöndlun fíkniefna í umdæminu. Hún hvetur almennings til að leggja henni lið í því verki með því að tilkynna um grunsamlegt háttalag og ferðir fólks sem grunur leikur á að sé að flytja eða meðhöndla fíkniefni. Nafnleýnd er heitið.

– hlynur@bb.is